Ef hindrun er fyrir hurðum stjórnhúss í neyðartilvikum er stór neyðarútgangur til staðar í afturglugga.



PY16154 —UN—25JUN12

SD74272,000020B -85-23JUN12-1/1

Varúðar gætt í brekkum

Opið stýrishús: Hafið ávallt veltigrindina í stöðunni UPP eða í fullri lengd svo framarlega sem það er unnt. Notið ávallt öryggisbelti þegar veltigrindin er í stöðunni UPP eða í fullri lengd til að minnka hættu á meiðslum ef dráttarvélin skyldi velta.

Forðist holur, skurði og hindranir sem geta valdið því að dráttarvélin velti, sérstaklega í halla. Forðist krappar beygjur upp í hallann.

Akið aldrei nálægt gilbörnum eða bröttum bökkum - brúnin getur hrúnið.

Dráttarvélin getur sporðreist þegar henni er ekið áfram upp úr skurði eða votlendi eða upp bratta brekku. Alltaf skal bakka við slíkar aðstæður, sé það mögulegt.

MFWD (ef til staðar): MFWD-drif eykur grip umtalsvert, en ekki stöðugleika dráttarvélarinnar. Þegar MFWD er virkt getur dráttarvélin farið upp brattari brekku en hún verður EKKI stöðugri. Þegar þessi valkostur er notaður þarf að gæta sérstakrar varúðar í brekkum. Dráttarvél með framhjóladrifi hefur meira grip í bröttum brekkum samanborið við tvihjóladrifnar dráttarvélar, en um leið eykst hættan á að hún sporðreisist.

Hætta á veltu eykst verulega þegar ekið er hratt og sporbreidd er lítil.

Festið tengibúnað sem dreginn er eingöngu við dráttarbita. Þegar keðja er notuð skal taka slakann upp hægt og rólega.

SK35149,00003B1 -85-10JUL14-1/1

PowrReverser™-gírskipting notuð (ef til staðar)

Þrepagírstöng (A) er með þrjá hraðamöguleika: A, B og C.

Gírstöng (B) er með fjóra hraðamöguleika fyrir akstur áfram og fjóra aftur á bak (1, 2, 3 og 4).

Vendigírstöng (C) er með möguleika fyrir akstursstefnu (áfram eða aftur á bak).

ATHUGIÐ: Stíga þarf kúplingsfótstigið alla leið niður einu sinni eftir að vélin hefur verið ræst.

Þetta er yfirleitt gert þegar farið er úr hlutlausum gír í hraðagír. Þegar dráttarvélina er gangsett með hraðagír tengdan (vendigírstöng í hlutlausum) mun dráttarvélina ekki hreyfast þegar vendigírstöngin er sett í F eða R fyrr en kúplingsfótstigið hefur verið stigið alla leið niður einu sinni.

- Þegar þrepagírstöng og gírstöng eru notaðar eru 12 hraðamöguleikar áfram og 12 hraðamöguleikar aftur á bak tiltækir

MIKILVÆGT: Samhröðun efsta öxuls virkar aðeins í hraðagírnum. Skiptið ekki um gír á hreyfingu til að koma í veg fyrir skemmdir á girkassanum. Til að skipta í annan gír skal stöðva dráttarvélina, stíga kúplinguna alla leið niður og draga úr vélarhraða.


Stíga verður kúplingsfótstigið ALLA leið niður til að skipta um gír (hraða). Ef kúplingsfótstigið er ekki stigið alveg niður er ekki hægt að færa gírstöngina lengra en í hlutlausan gír. Ef þetta gerist skal stíga kúplinguna lengra niður. Ef fríslag kúplingsfótstigsins er ekki samkvæmt tæknilýsingu skal fá söluaðila John Deere til að endurstilla kúplingsbúnaðinn.

Komið í veg fyrir óparfa slit á kúplingu með því að hvíla aldrei fótinn á fótstiginu meðan á akstri stendur.


Vendigírstöng: Veljið æskilega akstursátt (áfram eða afturábak) þegar dráttarvélina er kyrrstæð. Hægt er að skipta um akstursátt án þess að stíga á kúplingsfótstigið.

Skipt um gír: Dráttarvélina verður að **stöðva alveg** þegar skipt er um gír.

1. Eftir að dráttarvélina hefur stöðvast skal draga úr snúningshraða vélar niður í lausagangshraða.
2. Stígið kúplingsfótstigið ALLA leið niður.



Opið stýrishús



Stýrishús

A—Þrepagírstöng
B—Gírstöng

C—Vendigírstöng

3. Veljið æskilegan gír (A, B, C).
4. Sleppið kúplingunni rólega til að taka mjúklega af stað.
5. Aukið vélarhraðann þegar skiptingin hefur farið fram.

Skipt um gír: Hægt er að skipta um gír **á ferð**, án þess að stoppa.

1. Ýtið kúplingsfótstiginu (C) ALLA leið niður með dráttarvélina á hreyfingu.
2. Veljið æskilegan gír (1, 2, 3, 4).
3. Sleppið kúplingunni rólega til að taka mjúklega af stað.

NM61126,00002FF -85-27OCT16-1/1

PY33081 —UN—24OCT16

PY33082 —UN—07DEC16

Notkun SyncShuttle-gírkassa

Þrepgírstöng (A) er með þrjá hraðamöguleika: A, B og C.

Gírstöng (B) er með þrjá hraðamöguleika fyrir akstur áfram og einn afturábak (1, 2, 3, R).

- Þegar þrepgírstöng og gírstöng eru notaðar eru níu hraðamöguleikar áfram tiltækir
- Þegar þrepgírstöng er notuð eru þrír hraðamöguleikar aftur á bak tiltækir

MIKILVÆGT: Samhröðun efsta öxuls virkar aðeins í hraðagírurum. Skiptið ekki um gír á hreyfingu til að koma í veg fyrir skemmdir á gírkassanum. Til að skipta í annan gír skal stöðva dráttarvélin, stíga kúplinguna alla leið niður og draga úr vélarhraða.

Stíga verður kúplingsfótstigið ALLA leið niður til að skipta um gír (hraða). Ef kúplingsfótstigið er ekki stígið alveg niður er ekki hægt að færa gírstöngina lengra en í hlutlausan gír. Ef þetta gerist skal stíga kúplinguna lengra niður. Ef fríslag kúplingsfótstigsins er ekki samkvæmt tæknilýsingu skal fá söluaðila John Deere til að endurstilla kúplingsbúnaðinn.

Komið í veg fyrir óþarfa slit á kúplingu með því að hvíla aldrei fótinn á fótstiginu meðan á akstri stendur.

Skipt um gír: Dráttarvélin verður að **stöðva alveg** þegar skipt er um gír.


1. Eftir að dráttarvélin hefur stöðvast skal draga úr snúningshraða vélar niður í lausagangshraða.
2. Stígið kúplingsfótstigið ALLA leið niður.
3. Veljið æskilegan gír (A, B, C).
4. Sleppið kúplingunni rólega til að taka mjúklega af stað.
5. Aukið vélarhraðann þegar skiptingin hefur farið fram.

Skipt um gír: Hægt er að skipta um gír **á ferð**, án þess að stoppa.

1. Ýtið kúplingsfótstiginu (C) ALLA leið niður með dráttarvélin á hreyfingu.



Opið stýrishús



Stýrishús

A—Þrepgírstöng
B—Gírstöng

C—Kúplingsfótstig


2. Veljið æskilegan gír (1, 2, 3, R).
3. Sleppið kúplingunni rólega til að taka mjúklega af stað.

NM61126,0000300 -85-21OCT16-1/1

PY33083 —UN—24OCT16


PY33084 —UN—24OCT16

Val á gír



Aðeins 5050E

PY29277 —UN—30SEP16



Aðeins 5058E, 5067E og 5075E

PY31558 —UN—28SEP16

MIKILVÆGT: Ef mótvægi er til staðar skal velja gír sem er einum gír neðar en venjulega til að lengja líftíma aflrásar og forðast mikla jarðvegsþjöppun og snúningsmótstöðu.


Hægt er að keyra dráttarvélina í hvaða gír sem er með vélarhraða á bilinu 1400—2400 snún./mín.

Hægt er að beita fullu álagi á vélina innan þessara marka. Notið hærri gír og lægri snúningshraða þegar vélin er keyrð við lítið álag. Það sparar eldsneyti og dregur úr sliti.


Áætlanir um ökuhraða út frá mismunandi dekkjastærð er að finna í kaflanum "Tæknilýsingar".

NM61126,0000302 -85-30SEP16-1/1


Notkun hemla




Fyrir 5050E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi



Fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi



Fyrir 5050E-dráttarvélar með stýrishúsi



Fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með stýrihúsi

A—Lásstöng hemlafótstigs

⚠ AÐGÁT: Áður en dráttarvél er ekið á vegi skal læsa fótstigunum saman. Stígið létt og varlega á hemilinn þegar ekið er á flutningshraða.

Notið ólæsta hemla aðskilda í kröppum beygjum. Takið hemlalásinn (A) af og stígið á eitt hemlafótstig.

Stígið á bæði fótstigin til að stöðva dráttarvél.

MIKILVÆGT: Komið í veg fyrir óþarfa slit á hemlunum með því að hvíla aldrei fótinn á fótstiginu meðan á akstri standur.

Dragið úr hraða ef búnaðurinn sem er dreginn er ekki með hemla og er þyngri en dráttarvélin. Forðist að hemla harkalega. Athugið ráðlagðan flutningshraða sem er gefinn upp í notendahandbók verkfærisins.

Sýnið sérstaka aðgát þegar farmur er dreginn í erfiðum aðstæðum, þegar beygt er eða stöðvað er í halla.

NM61126,00004FB -85-07AUG17-1/1

Notkun driflæsingar



PY33085 —UN—22OCT16

Opið stýrishús, aðeins 5050E



PY33086 —UN—22OCT16

Opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E



PY33087 —UN—22OCT16

STÝRISHÚS, 5050E, 5058E, 5067E og 5075E

A—Fótstig driflæsingar

⚠ AÐGÁT: Ekki skal aka dráttarvél á miklum hraða eða reyna að beygja þegar driflæsingin er á.

MIKILVÆGT: Til að koma í veg fyrir skemmdir á aflrás skal ekki nota driflæsinguna þegar annað dekkið snýst en hitt ekki.

Þegar eitt hjól byrjar að missa grip skal stíga á fótstigið (A) til að tengja driflæsinguna. Dráttarvélarhjólin þurfa að snúast þegar driflæsing er tengd. Ef mögulegt er skal


setja driflæsinguna á áður en farið er í aðstæður þar sem hjólin kunna að spóla.

Ef um er að ræða ójafnt dráttarafl helst læsingin á. Þegar jafnvægi kemst á dráttaraflið mun læsingin aftengjast sjálfkrafa. Ef læsingin fer ekki af skal stíga annað fótstigið niður og svo hitt.

Ef hjólbarðar missa endurtekið grip skal stíga fótstigið niður og halda því inni.

NM61126,0000304 -85-21OCT16-1/1

Dráttarvél stöðvuð (PowrReverser™-gírkassi)




5058E, 5067E og 5075E, opið stýrishús

PY29270 —UN—24OCT16




5058E, 5067E og 5075E, opið stýrishús

PY41933 —UN—29AUG17




Aðeins 5050E með opnu stýrishúsi

PY29271 —UN—24OCT16




Aðeins 5050E með opnu stýrishúsi

PY31407 —UN—24OCT16



Aðeins 5050E með stýrishúsi

PY32035 —UN—24OCT16



5058E, 5067E og 5075E, stýrishús

PY32036 —UN—07DEC16

A—Gírstöng
B—PowrReverser™-stöng

C—Dráttarstjórnstöng
D—Stöðustjórnstöng

E—Handinggjöf

Framhald á næstu blaðsíðu

HY01057,00000D6 -85-29AUG17-1/2

1. Stöðvið dráttarvélina með því að stíga á kúplingsfótstigið fyrst eða um leið og hemlarnir eru notaðir.
2. Setjið gírstöngina (A) eða PowrReverser-stöngina (B) (ef hún er til staðar) í HLUTLAUSAN áður eða á meðan hemlar eru notaðir.

MIKILVÆGT: Smurolían sér um að kæla ákveðna vélarhluta. Ef heit vél er stöðvuð skyndilega getur það valdið skemmdum á þessum hlutum með ofhitnun eða vöntun á smurningu.

3. Togið handinngjöf (E) aftur í hæga lausagangsstöðu. Leyfið vélinni að ganga í lausangangi í 1–2 mínútur.

MIKILVÆGT: Staðsetning stöðustjórnstangar (D) og dráttarstjórnstangar (C) víxlast á milli lokaðs stýrishúss og opins stýrishúss.


4. Látið öll verkfæri síga til jarðar með stöðustjórnstönginni (C og D).
5. Setjið allar stjórnlokastangir í HLUTLAUSAN.
6. Aftengið aflúttak.

⚠ AÐGÁT: Takið lykilinn úr svissinum til að hindra notkun óþjáfaðra starfsmanna.

7. Snúið lyklinum á STOP og takið hann úr svissinum.


HY01057,00000D6 -85-29AUG17-2/2

Dráttarvél stöðvuð (SyncShuttle-gírskipting)




Aðeins 5050E með opnu stýrishúsi

PY29269 —UN—25OCT16



Aðeins 5050E með opnu stýrishúsi

PY29268 —UN—25OCT16




5058E, 5067E og 5075E, opið stýrishús

PY29267 —UN—25NOV16




5058E, 5067E og 5075E, opið stýrishús

PY41934 —UN—29AUG17



Aðeins 5050E með stýrishúsi

PY32037 —UN—25NOV16



5058E, 5067E og 5075E, stýrishús

PY32038 —UN—25OCT16

A—Gírstöng
B—Handinngjöf

C—Dráttarstjórnstöng

D—Stöðustjórnstöng

1. Stöðvið dráttarvélina með því að stíga á kúplingsfótstigið fyrst eða um leið og hemlarnir eru notaðir.

2. Setjið gírstöngina (A) í HLUTLAUSAN áður eða á meðan hemlar eru notaðir.

MIKILVÆGT: Smurólían sér um að kæla ákveðna vélarhluta. Ef heit vél er stöðvuð skyndilega getur það valdið skemmdum á þessum hlutum með ofhitnun eða vöntun á smurningu.

3. Togið handinngjöf (B) aftur í hæga lausagangsstöðu. Leyfið vélinni að ganga í lausangangi í 1–2 mínútur.

MIKILVÆGT: Staðsetning stöðustjórnstangar (D) og dráttarstjórnstangar (C) vixlast á milli lokaðs stýrishúss og opins stýrishúss.

4. Látið öll verkfæri síga til jarðar með stöðustjórnstönginni (C og D).
5. Setjið allar stjórnlokastangir í HLUTLAUSAN.
6. Aftengið aflúttak.

⚠ AÐGÁT: Takið lykilinn úr svissinum til að hindra notkun óþjáfaðra starfsmanna.

7. Snúið lyklinum á STOP og takið hann úr svissinum.

HY01057,00000D7 -85-29AUG17-2/2

Varahemlakerfi

Ef hemlarnir bila er hægt að nota varahemlakerfið til að stöðva dráttarvélina. Til að gera það skal toga í stöngina (A) til að hemla.

MIKILVÆGT: Varahemlakerfið virkar eingöngu þegar vélín og vökvakerfið eru í gangi.

Varabremsukerfið skal **EKKI** nota sem stöðuhemil. Setja verður í stöðulás þegar dráttarvélinni er lagt.

Þegar stöðuhemillinn er á er tengivagnshemillinn sjálfkrafa settur á þegar stöðulásinn er notaður (ef hnekkingarhnappur er ekki notaður).



A—Stöðuhemilsstöng


PY37294 —UN—24/JAN17

HY01057,00000DE -85-25JAN17-1/1

Íhlutur ámoksturstækis (ef til staðar)

A—Stýripinna
B—Fjöltengi
C—Hlíðarrammi

D—Tengiramma ámoksturstækis
E—Miðjufestur stjórnlokaloki
F—Vökvaslöngur



APY94764 —UN—17OCT24

vynptis,1729055485991 -85-17DEC24-1/1

Hámarkshraði ámoksturstækis

⚠ AÐGÁT: Til að koma í veg fyrir að dráttarvélín velti og svo engar skemmdir verði á dráttarvélinni og framhjólum skal ekki vera með farm í


á moksturstækinu á hraða sem er meiri en 10 km/klst. (6 mph).

Dragið úr hraða eftir þörfum til að tryggja stöðugleika dráttarvélarinnar og á moksturstækisins.

NM61126,000032B -85-20SEP16-1/1

Festipunktur ámoksturstækis (ef til staðar)

Á ýmsum stöðum á dráttarvélinni er að finna festingar til að festa ámoksturstækið á ámoksturstækisfestinguna.



APY94763—UN—17OCT24

- A—Bolti ámoksturstækisramma (8 notaðir)
 B—Festing ámoksturstækis
 C—Festingarbolti hlífðarramma (6 notaðir)
 D—Hlífðarrammi
 E—Festingarbolti ámoksturstækisfestingar (6 notaðir)

Hlutur	Mæling	Tæknilegar upplýsingar
Festingarbolti ámoksturstækisfestingar (A)	Hersluátak	580 Nm (427.78 lb.-ft)
Festingarbolti ámoksturstækisfestingar (E)	Hersluátak	265 Nm (195.45 lb.-ft)
Festingarbolti hlífðarramma (C)	Hersluátak	320 N·m (236 lb-ft)

vynptis,1729001751310 -85-17DEC24-1/1

Heimkomustilling

⚠ AÐGÁT: Þegar dráttarvélinni er ekið í heimkomustillingu, má ekki fara fram úr takmarkaðri rúmgetu dráttarvélarinnar.


Nota má heimkomustillingu ef dráttarvél er ekki starfhæf vegna bilana og það þarf að færa hana. Á meðan dráttarvél er í heimkomustillingu, er snúningshraði vélar takmarkaður við 1500 rpm.

1. Snúðu svissinum í gangsetningarstöðu.
2. Ýtið og haldið veltirofa (A) í 5 sekúndur til að sýna fyrsta stjórneiningar skjá.
3. Vistaðir vandamálagreiningakóðar (DTC) birtast á mælitækjasamstæðueiningu (ICC) LCD-skjánum (B). Skráðið hjá ykkur kóða ef þeir birtast.
4. Færið stefnuljósrofa (C) til hægri hliðar til að skrúna og velja PTR.
5. Ýttu og slepptu veltirofa (A) til að setja inn PTR vístfangsbil.
6. Notið endurtekna hringi af stefnuljósarofanum (C) til hægri hliðar til að fara á 100 (greining).
7. Ýttu og slepptu veltirofa til að virkja gagnainnslátt.
8. Ýttu og slepptu veltirofa (A) endurtekið til að velja rétta tölu á LCD skjánum (B).
9. Færðu stefnuljósarofa (C) til hægri til að breyta 0 í 1.
10. Ýttu og slepptu veltirofa (A) til að vista gagnainnslátt.
11. Stattu upp af sætinu og sestu aftur. Virkur kóði fyrir PTR523966.31 -heimkomustillingu verður að finnast. Eldsneytisgjöfin skal vera takmörkuð við 1500 rpm.
12. Stígið tímabundið á hemlafótstig.


⚠ AÐGÁT: Áður en dráttarvél er notuð skal sannreyna rétta virkni stýringar og hemla. Í einhverjum aðstæðum gæti hemlun krafist meiri krafst vegna lægri vökvaprýstings.

13. Færið gíraukarofa í A drægi og gírskiptirofa í fyrsta gír, ýttu á kúplinguna og settu áfram, hlutlausan, bakk-rofann í ÁFRAM.
14. Slepptu kúplingunni, það þarf að vera að minnsta kosti 3-4 sekúndna töf og kúplingin þarf að tengja hægt.


ATHUGIÐ: Ef slökkt er á svissinum óvirkjast heimkomustilling. Farið í gegnum sama ferli til að virkja heimkomustillingu.



Stýrishús



Opin dráttarvél



A—Veltirofi
B—LCD Display

C—Stefnuljósarofi

APY35466 —UN—22APR20

APY35465 —UN—22APR20

PY18426 —UN—18JUN14

LGCKF7U,0000562 -85-22APR20-1/1

Veltiás og þrítengi

Kannað hvort afl dráttarvélarinnar henti fyrir verkfærið

MIKILVÆGT: Kanna þarf hvort afl dráttarvélar henti stærð tiltekinna verkfæra. Of mikið afl getur skemmt verkfæri og of stórt verkfæri getur


valdið skemmdum á dráttarvélinni. (Áður en verkfæri er tengt við dráttarvélinna skal skoða kröfur um lágmarks- og hámarksafl í notendahandbók sem fylgir verkfærinu.)

PU00210,0000267 -85-14JUL06-1/1

Íhlutir þrítengis

A— Lyftiarmar
B— Miðtengi
C— Lyftistangir


D— Stuðningsstangir
E— Beisli



APY41830 —UN—09MAR21


WKJQUWJ,000097A -85-09MAR21-1/1

Stjórnstangir veltiáss




Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33023 —UN—18OCT16




Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33024 —UN—18OCT16



Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY41935 —UN—29AUG17



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY33022 —UN—18OCT16

A—Stöðustjórnstöng

B—Dráttarstjórnstöng

MIKILVÆGT: Staðsetning stöðustjórnstangar (A) og dráttarstjórnstangar (B) vixlast á milli lokaðs stýrishúss og opins stýrishúss.

Staðsetningu veltiássins er stjórnað með tveimur stjórnstöngum, stöðustjórnstöng (A) og dráttarstjórnstöng (B).


Stöðustjórnstöng (A) veltiássins hífir beislið þegar hún er toguð aftur og lætur það síga þegar henni er ýtt fram.

(Frekari upplýsingar eru í "Notkun stöðustjórnar" í þessum hluta.)

Dráttarstjórnstöngin (B) stjórnar stöðu beislisins gagnvart því sem dregið er. (Frekari upplýsingar eru í "Notkun dráttarstjórnar" í þessum hluta.)

HY01057,00000D8 -85-29AUG17-1/1

Stilling á stoppi stöðustjórnstangar




Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, aðeins fyrir 5050E



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, aðeins fyrir 5050E



Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

A—Stjórnstangarstopp


ATHUGIÐ: Stopp stöðustjórnstangarinnar er notað þegar endurtekið þarf að nota sömu vinnudýptina eða -hæðina.

1. Látið verkfærið vinna í nokkrar mínútur til að stilla rétta dýpt eða hæð.

2. Losið stoppið (A) og rennið því að stjórnstönginni. Læsið því í viðkomandi stöðu með því að snúa því réttisælis. Eftir þetta sígur veltiásin alltaf í sömu stöðu þegar stjórnstönginni er ýtt að stoppinu.


NM61126.0000313 -85-29AUG17-1/1

Notkun stöðustjórnar veltiáss




Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33023 —UN—18OCT16




Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33024 —UN—18OCT16



Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY41937 —UN—29AUG17



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY33022 —UN—18OCT16

A—Stöðustjórnstöng

B—Dráttarstjórnstöng

Framhald á næstu blaðsíðu

HY01057,00000D9 -85-29AUG17-1/2

⚠ AÐGÁT: Setjið dráttarstjórnstöngina (B) í fremstu stöðu áður en verkfæri er fest við til að koma í veg fyrir óvæntar hreyfingar veltiássins.

MIKILVÆGT: Staðsetning stöðustjórnstangar (A) og dráttarstjórnstangar (B) vixlast á milli lokaðs stýrishúss og opins stýrishúss.

Ýtið dráttarstjórnstönginni (B) fram þegar EKKI á að stilla veltiásins sjálfkrafa eftir dráttarþyngd, svo sem þegar verkfæri er tengt við dráttarvél.

Notið stöðustjórnstöng (A) til að stjórna hreyfingum og dýpt tengibúnaðar. Stöðustjórn ætti að nota við eftirfarandi notkun:

FLUTNING verkfæra og við beygju á enda akurs. Stöðustjórnstöng ætti að vera í öftustu stöðu (C) við flutning með og án álagsskynjara.


JAFNA DÝPT verkfæra á jafnsléttu og fyrir verkfæri sem snerta ekki jörðu, t.d. dreifara og úðara. Stillið stöðustjórnstöngina á viðeigandi dýpt (D).

FLOT fyrir verkfæri með skíði eða dýptarstillingarhól sem bera alla þyngd verkfærisins. Ýtið báðum stöngum í fremstu stöðu (E) til að verkfærið fylgi yfirborðinu.

ATHUGIÐ: Hægt er að stilla lyftistangir með tilliti til flots verkfæris. (Sjá STILLING FLOTS VERKFÆRIS í þessum hluta.)

C—Stöðustjórnstöng í afturstöðu
D—Stöðustjórnstöng í æskilegri dýptarstöðu

E—Stöðustjórnstöng og dráttarstjórnstöng í flotstöðu




Stöðustjórn veltiáss

PY18781 — UN—17SEP13


HY01057,00000D9 -85-29AUG17-2/2

Notkun dráttarstjórnar




Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33029—UN—18OCT16




Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33030—UN—18OCT16



Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY41938—UN—29AUG17



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY33032—UN—18OCT16

A—Stöðustjórnstöng

B—Dráttarstjórnstöng

C—Stöðvun fyrir staðsetningarstöng

MIKILVÆGT: Staðsetning stöðustjórnstangar (A) og dráttarstjórnstangar (B) vixlast á milli lokaðs stýrishúss og opins stýrishúss.

Tengibúnaðurinn er búinn stillanlegu dráttarstjórnunarkerfi.

Notið dráttarálágsskynjara þegar:

- Unnið er með fulltengt verkfæri í halla eða votlendi. Verkfærið ris og lækkar eftir lögun yfirborðsins á sama tíma og það heldur nánast stöðugri dýpt.
- Vinna í breytilegum jarðvegi. Verkfærið er híf lítillega til að komast í gegnum erfiða kafla svo ekki þurfi að skipta í lægri gir.

Dráttarstjórnstöng (B) stýrir því hversu mikið álag þarf til að tengibúnaðurinn bregðist við. Þegar stönginni er ýtt alveg niður er slökkt á dráttaskynjun. Þegar stöngin er toguð upp minnkar það álag sem þarf til að hnekkja stöðustillingu stangar (A) og hífa tengibúnaðinn.


Hægt er að breyta dráttarnæmisviðum með því að breyta stöðu yfirtengisins. (Frekari upplýsingar eru í "Staðsetning yfirtengis" í þessum hluta.)

Fyrir vinnu með dráttarskynjun:

- Byrjið á því að setja stöðustjórnstöngina (A) í öftustu stöðu og dráttarstjórnstöngina (B) fremstu stöðu (minnsti dráttur).
- Meðan dráttarvélin er á hreyfingu skal toga stöðustjórnstöngina (A) aftur til að stilla vinnsludýpt verkfærisins. Stillið stopp stöðustjórnstangarinnar (C) til að hægt sé að færa stjórnstöngina aftur í nákvæmlega sömu stöðu. Þegar dráttarvélin byrjar að spóla skal toga dráttarstjórnstöngina (B) upp þar til viðeigandi dráttarskynjun er náð.
- Einnig er hægt að lyfta stöðustjórnstöng (A) lítillega til að hnekkja stillingu dráttarstjórnunar þegar þörf er á aðstoð við að komast yfir hála fleti án þess að festast.
- Hægt er að færa stöðustjórnstöngina (A) alveg aftur til að lyfta beislinu þegar komið er á enda akurs.

HY01057,00000DA -85-29AUG17-1/1

Gaumljós fyrir hraðvirkt lyftu- og slökunarkerfi (ef það er til staðar)



Gaumljós fyrir hraða lyftu og slökun

A—Gaumljós fyrir hraða lyftu og slökun

Gaumljós (A) lætur vita af bilun í hraðvirku lyftu- og slökunarkerfi. (Hafið samband við söluaðila John Deere.)

Villugaumljós: Þetta ljós kviknar í mælaborðinu til að láta vita af villum í hraðvirka lyftu- og slökunarkerfinu. Mismunandi villur eru birtar með þessu eina gaumljósi eins og segir hér að neðan:

ATHUGIÐ: Blikkmynstur stýrast af fjölda blikka á sekúndu. Gaumljósið er gult þegar það blikkar.

Alvarlegar villur/skammhlaup í mótur/mótur snýst ekki	Stöðug lýsing
Bilun í rofa (skammhlaup í rofa/rofi opinn)	Blikkar, 50% KVEIKT (2 blikk/sek.)
Rofi/mótur ekki tengdur	Blikkar, 30% KVEIKT OG 70% SLÖKKT (2 blikk/sek.)
Yfirstraumur í mótur	Blikkar, 50% KVEIKT (5 blikk/sek.)

NM61126,0000316 -85-14SEP16-1/1


PY29248 —UN—14SEP16

Notkun rofa fyrir rafrænt hraðvirktt lyftu- og slökunarkerfi

⚠ AÐGÁT: Komið í veg fyrir hugsanleg meiðsl eða dauðaslys af völdum hreyfinga dráttarvélar. Setjið í STÖÐUGÍR áður en ytri rofar fyrir



Vinstra aurbretti að aftan, opið stýrishús, aðeins 5050E



Aftara vinstra bretti, opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E




Stjórnstöng fyrir lokað stýrishús, aðeins 5050E


hækkun/lækkun eru notaðir. Haldið öruggri fjarlægð frá drifsköftum sem snúast.

Fjarstýring fyrir tengibúnað (aftara vinstra bretti)

Ýtið á EQRL-rofann til að hreyfa tengibúnað að aftan.



Aftara vinstra bretti, lokað stýrishús, 5050E, 5058E, 5067E og 5075E



Stjórnstöng fyrir opið stýrishús, aðeins 5050E



Stýristöng fyrir opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

A—Rofi til að lyfta tengibúnaði
að aftan

B—Rofi til að slaka tengibúnaði
að aftan

C—Staðsetningargstöng


WKJQUWJ,0000ABC -85-17MAY21-2/4

MIKILVÆGT: Staðsetningu staðsetningarstangar (C) er víxlað í lokuðu stýrishúsi miðað við opið stýrishús.

- Tengibúnaði er lyft þegar lyftirofa (A) er haldið inni.
- Tengibúnaði er slakað þegar slökunarrofa (B) er haldið inni.
- Hægt er að ýta á rofan fyrir tengibúnað að aftan eins oft og með þarf þar til viðeigandi lyftu/slökun er náð.

ATHUGIÐ: Rofinn fyrir tengibúnað að aftan lyftir eða slakar tengibúnaði að aftan á minni hraða og óháð stillingum á hæð/dýpt.

MIKILVÆGT: Þegar rofinn fyrir tengibúnað að aftan hefur verið virkjaður skal ekki stýra tengibúnaðinum með staðsetningargstönginni (C) á sama tíma.



Stýristöng fyrir lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E


C—Staðsetningargstöng

Framhald á næstu blaðsíðu

WKJQUWJ,0000ABC -85-17MAY21-3/4


PY33039—UN—18OCT16

Fjarstýring fyrir tengibúnað (fremra hægra bretti)




Opið stýrishús, aðeins 5050E

PY33040 —UN—18OCT16




STÝRISHÚS, aðeins 5050E

PY33041 —UN—18OCT16



Opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY40467 —UN—12JUN17



Lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY33043 —UN—18OCT16

A—Rofi fyrir hraða lyftu

B—Rofi fyrir hraða slökun

Svissið Á og bíðið eftir hljóðmerki frá mælaborðinu. Kannið hvort blikkkóðar fyrir rafrænt hraðvirkt lyftu- og slökunarkerfi birtast á mælaborðinu. Ef engir blikkkóðar eru til staðar skal gangsetja vélina. Ýtið einu sinni á rofa fyrir hraða lyftu (A) til að hífa tengibúnaðinn og einu sinni á rofa fyrir hraða slökkun (B) til að láta tengibúnaðinn síga alveg eða í þá stöðu sem stöðustjórnstöngin er stillt á. Hægt er að stilla lyftumörk rofa (A) handvirkt í 50%, 75% eða 95% af fullri lyftu stöðustjórnstangarinnar.

MIKILVÆGT: Haldið rofa rafrænnar hraðvirkar lyftu og slökunar aldrei inni þegar tengibúnaðurinn er byrjaður að lyftast/síga.

Ýtið aldrei oftar en þrisvar sinnum á rofa rafrænnar hraðvirkar lyftu og slökunar þegar tengibúnaðurinn er byrjaður að lyftast/síga.

ATHUGIÐ: Kerfið er stillt á örugga stillingu og blikkkóði birtist á mælaborðinu ef óeðlileg virkni greinist í rofa hraðvirka kerfisins og rofinn er gerður óvirkur. Kerfið verður ekki aftur virkt fyrr en búið er að svissa af og á aftur og engir blikkkóðar eru til staðar.


WKJQUWJ.0000ABC -85-17MAY21-4/4

Króktakmörkunarstilling fyrir EQRL (ef til staðar)

MIKILVÆGT: Hægt er að gera hæðarstillingu þrítengibeislis eða breyta lyftihlutfalli þegar þrítengibeisli er í neðri stöðu. Ef það er ekki í neðri stöðu ýttu á hraðlækkunarrofa til að koma þrítengibeislinu í neðri stöðu og byrjaðu síðan að breyta lyftihæðarstillingu.

ATHUGIÐ: Þessi aðlögun á við fyrir hraðhækkunarrofa. Lyftihæð króks með stöðustýringu er óbreytt.

1. Hægt er að stilla lyftihæð afturkróks í samtals 50%, 75% eða 95% af heildarlyftihæð eftir notkunarkröfum.
2. Fjarlægið splitti (A).
3. Fjarlægið vængjaró (B).




EQRL stilling

A—Splitti
B—Vængjaró

C—EQRL mótör

zy5axg6,1658210659132 -85-19JUL22-1/3


APY70507 —UN—18JUL22



Láspinni

A—Láspinni
B—50% af hæðartakmörkum
C—75% af hæðartakmörkum

4. Fjarlægið láspinna (A) og setjið hann í gatið fyrir æskilegt hæðarsvið.
5. Setjið láspinna (A) í gatið (B) fyrir 50% lyftihæð króksins.
6. Setjið láspinna (A) í gatið (C) fyrir 75% lyftihæð króksins.



Stopplata

D—95% af hæðartakmörkum

7. Setjið láspinna (A) í gatið (D) fyrir 95% lyftihæð króksins.

Framhald á næstu blaðsíðu


zy5axg6,1658210659132 -85-19JUL22-2/3

APY70509 —UN—19JUL22

8. Setjið vængjaró (B) og splitti (A) í.

A—Splitti
B—Vængjaró

C—EQRL motor




APY70507 —UN—18JUL22


zy5axg6,1658210659132 -85-19JUL22-3/3

Stilling fallhraða veltiáss / verkfær-/flutningslås


⚠ AÐGÁT: Of mikill fallhraði getur valdið skemmdum eða meiðslum. Full slökun ætti að taka minnst tvær sekúndur.




Opið stýrishús, aðeins 5050E



Lokað stýrishús, aðeins 5050E



Opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E



Lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

A—Fallhraðahnúður / verkfærslás

Veltiásinn fellur hraðar þegar þungt verkfæri er tengt. Stillið fallhraðann með hnúðinum þannig að hann sé nógu hægur til að tryggja öryggi og koma í veg fyrir skemmdir á verkfæri.

Snúið fallhraðahnúðinum (A), undir sætinu, réttisælis til að hægja á falli veltiássins.

Snúið hnúðinum rangsælis til að auka fallhraðann.

Fallhraðahnúðurinn virkar einnig sem verkfærslás. Þegar hann er skrúfaður í botn sígur verkfærið ekki, jafnvel þótt stöðustjórnstöngin sé í neðstu stöðu. Notið verkfærslásinn við flutning verkfæris.

HS35416,0000214 -85-12JUN17-1/1


Verkfæri undirbúið

MIKILVÆGT: Hugsanlega þarf að lengja í keðju/sveigjustöng þegar verkfæri í flokki I eru tengd við dráttarvélina til að koma í veg fyrir að tengibúnaðurinn festist og lyfta sé ekki heft. (Sjá “Stilling á hliðarsveigju tengibúnaðar” í þessum hluta.)

Þrítengi í flokki I er mjórri og ætlaður fyrir minni verkfæri en verkfæri úr flokki II. Í töflunni hér að neðan gefur að líta flokkun verkfæra.

Gatið efst á mastri verkfæra í flokki II á að vera staðsett 610 mm (24 tommur) fyrir ofan neðri pinnana. Borið annað gat á masturstoppinn eða framlengið mastrið ef þörf krefur.

Flokkur	Hæð masturs	Breidd milli neðri pinna	Stærð pinna (þvermál)	
			Neðri	Efri
II	610+/-1,5 mm (24 in.)	825 mm (32-7/16 in.)	28 mm (1-1/8 in.)	25,5 mm (1 to.)



Flokkur II

HY01057,0000129 -85-01AUG17-1/1

PY39896 —UN—28MAR17


Tengibúnið í flokki II umbreytt í flokk I (ef það er til staðar)

Endi yfirtengis er stilltur að tengipinna verkfæris í flokki II.

Ef nota á verkfæri í flokki I er hægt að umbreyta tengibúnaði í flokki II á eftirfarandi máta:

- Setjið minni fóðringu (B) í enda yfirtengisins. Einnig þarf að nota minni masturpinna (A) fyrir verkfæri þegar búið er að setja fóðringuna í.
- Snúið kúlunum (C) í endum dráttarbeislanna til að hægt sé að stinga pinnunum í þær.

Íhluti er hægt að nálgast hjá söluaðila John Deere.



A—Masturspinni
B—Fóðring á yfirtengi

C—Kúlur á dráttarbeisli

NM61126,0000340 -85-20OCT16-1/1

PY7310 —UN—29JUN07

Staðsetning yfirtengis

Festing yfirtengisins með dráttarskynjun er með götum sem bjóða upp á þrjár mismunandi staðsetningar fyrir yfirtengið. Staðsetning hefur áhrif á næmni dráttarskynjunar.

Stöðluð staðsetning er (C).

Færið yfirtengi í gat (B) ef:


- Mikil hreyfing er á tengi eða sveifla á sér stað við drátt.
- Aftari hluti verkfærisins fer of hátt við lyftu. Þegar yfirtengi er fest í neðri götin minnkar lítillega sú þyngd verkfæris sem dráttarvélin ræður við að lyfta.
- Svið dráttarstjórnstangarinnar er of lítið.

Færið yfirtengi í gat (C) ef:

- Tengir svarar ekki í drætti og snúningshraði vélar fellur of mikið áður en veltiás er lyft.
- Afturhluti verkfærisins er of neðarlega og dregst eftir jörðinni þegar verkfærið er híft upp.

Efsta gatið (A) kemur í nánast í veg fyrir dráttarskynjun.

ATHUGIÐ: Verkfæri með 457 mm (18 in.) masturshæð flokki I nota yfirleitt tvö efri tengigötin. Verkfæri



A—Efra gat
B—Miðgat


C—Neðra gat

með 610 mm (24 in.) masturshæð flokki II
nota yfirleitt tvö efri tengigötin.

PY33077—UN—01DEC16


NM61126,0000343 -85-21OCT16-1/1

Verkfæri tengd við 3-punkta beisli



Tengipunktur stilltir af

APY41831—UN—10MAR21




Lásflípi og -klemma

PY41940—UN—29AUG17




Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33052—UN—19OCT16



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, aðeins fyrir 5050E

PY33053—UN—19OCT16



Stjórnstangir fyrir opið stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY40469—UN—15JUN17



Stjórnstangir fyrir lokað stýrishús, 5058E, 5067E og 5075E

PY33055—UN—19OCT16

A—Verkfæri

B—Tengipinnar verkfæris

C—Flípi

D—Lásklemma yfirtengis

E—Staðsetningargstöng

F—Dráttarstöng

1. Tryggið að dráttarbitinn sé ekki fyrir. Færið dráttarbitann eða fjarlægjið, ef með þarf. Athugið hvort einhverjar aðrar hindranir séu til staðar.

⚠ AÐGÁT: Komið í veg fyrir óvænta hreyfingu tengibúnaðar með því að setja dráttarskynjunarstöngina í fremstu eða **SLÖKKTA** stöðu áður en verkfæri er tengt við tengibúnaðinn.

2. Bakkið dráttarvélinni að verkfærinu (A) svo tengipunktur séu samsíða. Setjið í hlutlausan gír (N), dregið á vélinni og setjið neyðarhemilinn á ÁÐUR en staðið er upp úr sætinu. Setjið auk þess í stöðugír.

MIKILVÆGT: Tryggið að dautt sé á vélinni og stöðuhemilinn á áður en stigið á milli dráttarvélarinnar og verkfærisins.

Framhald á næstu blaðsíðu

WKJQUWJ.000097B -85-09MAR21-1/2

3. Rennið dráttarbeislunum yfir tengipinna verkfærisins (B) og festið þá með splittum.

ATHUGIÐ: Splittin er hægt að geyma á dráttarbeislunum (í götum á keðjunum/sveigjustöng) þegar þau eru ekki í notkun. Einnig er hægt að stilla tengibúnað af með rofa aftan á aurbretti.

4. Til að taka yfirtengið af flutningskróknum er lásklemmu (D) yfirtengisins lyft og flípanum (C) snúið að afturhluta yfirtengisklemmunnar.
5. Tengid yfirtengið við masturstopp verkfærisins.
6. Stillið yfirtengið og lyftistangir eftir þörfum. (Sjá "Tengibúnaður stilltur" í þessum hluta.)

⚠ AÐGÁT: Til að forðast líkamstjón eða vélarskemmdir þegar verkfæri, hraðtengi verkfæris eða annar tengibúnaður er tengdur við þrítengi dráttarvélarinnar skal framkvæma heildarskoðun með tilliti til truflunar, festinga og aftengingar aflúttaks.

MIKILVÆGT: Staðsetning stöðustjórnstangarinnar (E) og dráttarstjórnstangarinnar (F) víxlast á milli lokaðs stýrishúss og opins stýrishúss.

7. Notið stöðustjórnstöngina (E) til að lyfta og slaka verkfærinu hægt og leita eftir hindrunum.

WKJQUWJ,000097B -85-09MAR21-2/2

Stilling á hliðarsveigju króks

Hægt er aðntoa stuðningsstöngina til að stilla dráttarbeislin í flokk I (lengd stangar 444 mm; 17.5 in.) eða flokk II (lengd stangar 425 mm; 16.7 in.). Þetta er gert með því að snúa stillihólknum (A) þar til endinn flúttar við grópina á stönginni (B).

Þegar stillt er fyrir verkfæri í flokki I er styttri raufin efst. Fyrir flokk II er lengri raufin efst.


Pinnann (C) er hægt að nota til að festa dráttarbeislið eða gera því kleift að sveiflast.

Dráttarbeislin geta einnig sveiflast smá í stöðu 1 (sýnt). Ef sérstakar aðstæður krefjast þess að engin sveifla eigi sér stað er pinni (C) sett fyrir enda stangarinnar (D) og stillihólknum snúið þar til dráttarbeislin eru föst.

- Staða 1 = föst (engin hliðarsveifla)
- Staða 2 = hliðarsveifla

A—Stillihólkur
B—Stöng með gengjum

C—Pinni
D—Stöng




Stuðningsstöng



Staðsetning 1



Staðsetning 2



SV86979,000009D -85-03SEP12-1/1

LX1031675 —UN—22MAR24


LX1031676 —UN—22MAR24

LX1031677

LX1031677 —UN—19FEB03

LX1033523 —UN—22MAR24

Tengibúnaðar stilltur



Íhlutir þrítengibeisls

A—Lásklemma
B—Hús yfirtengis

C—Handfang til læsingar
D—Rauf

E—Vinsti lyftiarmur
F—Pinni

G—Láspinni

1. Látið verkfæri síga til að létta þyngdinni af tengibúnaðinum.

MIKILVÆGT: EKKI reyna að lengja yfirtengið umfram mörk lásklemmunnar eða lengja lyftistangirnar umfram stoppin. Þræðir tengihúss gætu skemmst.

ATHUGIÐ: Aðeins er hægt að ná hámarksstillingarbili á yfirtengi ef endar þess eru staðsettir á sama hátt innan skroksins þegar þeir eru festir við verkfæri.

2. Stillið yfirtengið til að stilla verkfærið af framhluta til afturhluta. Aflæsið lásklemmunni (A). Snúið miðhluta (B) yfirtengisins réttisælis til að lengja yfirtengið og rangsælis til að stytta það. Munið að læsa lásklemmunni.
3. Stillið hægri stöngina til að rétta verkfærið af. Lyftið láshandfanginu (C) og snúið því 1/4 til að raufin (D) falli á rúllupinnann á miðhluta lyftistangarinnar.

Snúið láshandfanginu (C) réttisælis til að lyfta dráttarbeislinu.

Snúið handfanginu (C) rangsælis til að lækka dráttarbeislið.

Þegar stillingu er lokið er handfanginu (C) lyft og því snúið til að renna raufinni (D) á neðri hlutann til að koma í veg fyrir að stillingin breytist við vinnu.

4. Einnig er hægt að stilla lengd vinstri lyftistangarinnar (E) í samræmi við stærð hjólbarða.

Til að stilla lengd vinstri lyftistangarinnar eru láspinni (G) og pinni (F) í efri hluta lyftistangarinnar fjarlægðir og efri endanum snúið réttisælis til að stytta og rangsælis til að lengja. Að því loknu er pinninn og láspinninn settir aftur í.

Stillið vinstri og hægri lyftistangirnar í samræmi við stærð hjólbarða. Stillið lyftistangir á lægstu stöðu, kúlur dráttarbeisla ca. 17 cm (7 in.) frá jörðu, til að ná mestu nýtanlegu hreyfingu í tengibúnaðinn.

RQNGXK6,0000010 -85-04JAN22-1/1

APY64190 — UN — 29DEC21

Stilling hliðarflots

Til að gera dráttarbeislinu kleift að lyftast aðeins um leið og verkfæri fylgir lögun yfirborðs skal setja flotpinnahausinn og ferhyrnda skinnuna á innri enda pinnans í lóðréttri stöðu (A).


Til að halda verkfærinu föstu eru flotpinnahausinn og ferhyrnda skinnan í láréttri stöðu (B).

Notið pinna lyftistangarinnar í flotstöðu þegar tengd eru verkfæri sem eru á skíðum eða hjólum, svo sem herfi eða sláttuorfi, og sem geta valdið því að verkfærið hreyfist óháð hreyfingum dráttarvélarinnar.

Notið fasta stöðu fyrir verkfæri á borð við plóga og önnur verkfæri sem ganga ofan í svörð og sem eiga ekki að hreyfast.


A—Pinni í lóðréttri stöðu

B—Pinni í láréttri stöðu



PY5967

Lóðrétt staða



PY5968

Lárétt staða

PY5967—UN—20JUL06

PY5968—UN—20JUL06

PU00210,000028D -85-17JUL07-1/1

Viðnámsstilling tengibúnaðarstangar

ÁSTÆÐA:

Til að festa stöðu- og dráttarskynjunarstangir tengibúnaðar í viðkomandi stöðum.


VERKLAG:

ATHUGIÐ: Stjórnlokastangir, hægra aurbretti og stjórnborð fjarlægð til að fá skýrari mynd.


1. Losið festirærnar (A).
2. Snúið stilliboltunum (B) réttisælis til að auka viðnám og rangsælis til að minnka það. Snúið báðum boltum jafnt.
3. Herðið festirærnar (A) aftur að stillingu lokinni.

A—Festiró

B—Bolti



Viðnámsstilling fyrir lokað stýrishús



Viðnámsstilling fyrir opið stýrishús

PY35605—UN—16NOV16

PY35606—UN—16NOV16

HS35416,00000FC -85-16NOV16-1/1

Upphitun glussa


Vökvakerfið getur verið hægvirkt þegar dráttarvélin er ræst í köldu veðri. Þetta er vegna þess að kaldur glussi rennur ekki auðveldlega í gegnum glussasíuna (A).

Stýrið kann að vera hægvirkt á meðan kerfið er að hitna.

Vökvakerfið fer að virka eðlilega þegar glussinn hefur hitnað.

MIKILVÆGT: Til að koma í veg fyrir skemmdir á vökvadælu og öryggisloka **MÁ EKKI** upphitunartími ekki taka lengri tíma en tvær til þrjár mínútur þegar stýrinu er snúið alveg til vinstri eða hægri.

1. Stígið á kúplingsfótstig, gangsetjið vél og látið hana ganga í lausangangi á um 1000 sn./mín.
2. Snúið og haldið stýrinu í fullum snúningi til vinstri eða hægri.



Fyrir neðan hægri hluta stýrishúss (nærri afturöxli)

A—Glussasía

NM61126,000033D -85-19OCT16-1/1

PY33048—UN—01DEC16

Vökvakerfi og stjórnlokar

Notið rétta slönguenda

Ef dráttarvélin er útbúin stjórnloka er hægt að tengja venjulega slönguenda við tengin eins og ISO¹ og

¹Alþjóðlegu staðlasamtökin (*International Standards Organization*)

²*Society of Automotive Engineers*


SAE² mæla með. Fá má millistykki fyrir eldri John Deere-slönguenda svo að þeir passi við ISO-tengin á dráttarvélinni.

MX,RHIP,AA -85-18MAR92-1/1


Auðkenning stjórnstangar og tengja




Stjórnstæki hægra megin, opið stýrishús, eingöngu 5050E




Stjórnstæki hægra megin, stýrishús, eingöngu 5050E




Stjórnstæki hægra megin, opið stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E



Stjórnstæki hægra megin, stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E



Tengi stjórnloka, stýrishús



Tengi stjórnloka, opið stýrishús

A— Stjórnlokastöng I

B— Stjórnlokastöng II (ef til staðar)

C— Tengistjórnloka II (tjakkur í útdreginni stöðu), (ef til staðar)

D— Tengistjórnloka II (tjakkur í inndreginni stöðu), (ef til staðar)

E— Tengistjórnloka I (tjakkur í útdreginni stöðu)

F— Tengistjórnloka I (tjakkur í inndreginni stöðu)

Fram- og afturhreyfing stjórnloka (A og B) til að stjórna tengjum stjórnloka (C, D, E og F).

Hægt er læsa stjórnloka í flotstöðu þegar stöng (A og B) er færð alla leið fram á við.

Framhald á næstu blaðsíðu

RQNGXK6,0000011 -85-04,JAN22-1/2


ATHUGIÐ: Stjórnloki II er aukabúnaður fyrir 5050E.

RQNGXK6,0000011 -85-04JAN22-2/2

Tjakkslöngur tengdar

⚠ AÐGÁT: Vökvar sem sprautast út undir miklum þrýstingi geta farið í gegnum húðina og valdið alvarlegum meiðslum. Takið því þrýstinginn af áður en vökvaleiðslur eða aðrar leiðslur eru teknar í sundur. Verið viss um að allir tengistaðir séu þéttir áður en þrýstingi er aftur hleypt á kerfið. Erfitt er að koma auga á vökvaolíu sem lekur úr litlu gati. Notið því pappu þegar leitað er að leka. Skýlið höndum og líkama gegn háþrýstivökvum.

Leitið strax til læknis ef óhöpp eiga sér stað. Ef einhver vökvi hefur komist inn fyrir húðina verður að láta fjarlægja hann innan fárra klukkustunda, annars er hætt á drepsýkingum. Læknar sem ekki búa yfir þekkingu til að fást við þetta skulu afla sér upplýsinga úr viðurkenndum læknahandbókum. Þessar upplýsingar má einnig



nálgast hjá Deere & Company Medical Department
í Moline í Illinois fylki í Bandaríkjunum.


X9811 —UN—23AUG88

NM61126,00002CA -85-12OCT16-1/1


Stjórnloki I

ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að slönguendinn og tengin séu hrein.

⚠ AÐGÁT: Vökvaslöngur geta bilað vegna ytri skemmda, snúnings, aldurs og veðrunar. Athugið slöngur reglulega. Skiptið um skemmdar slöngur.



Fyrir 5050E-, 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi



Fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með stýrihúsi

A— Rykhlífar

B— Tengi

C— Tengi

D— Safngeymir olíu

1. Fjarlægið rykhlífar (ef þær eru til staðar) af slönguenda.
2. Losið rykhlífar (A) af tengjum.
3. Tengið slöngu verkfæris við tengi (B og C).
4. Þrýstið slönguendanum þétt inn í tengið til að tengja hverja slöngu fyrir sig. Togið létt í slönguna til að gá hvort tengingin hafi heppnast.


ATHUGIÐ: Gætið þess að tæma safngeymi olíu þegar hann hefur fyllst.

RQNGXK6,0000012 -85-04JAN22-1/1


Stjórnloki II

ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að slönguendinn og tengin séu hrein.

⚠ AÐGÁT: Vökvaslöngur geta bilað vegna ytri skemmda, snúnings, aldurs og veðrunar. Athugið slöngur reglulega. Skiptið um skemmdar slöngur.



Fyrir 5050E-, 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi (stjórnloki II, ef hann er til staðar)



Fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með stýrishúsi

A— Rykhlífar

B— Tengi

C— Tengi

D— Safngeymir olíu

1. Fjarlægjið rykhlífar (ef þær eru til staðar) af slönguenda.
2. Losið rykhlífar (A) af tengjum.
3. Tengjið slöngu verkfæris við tengi (B og C).
4. Þrýstið slönguendanum þétt inn í tengið til að tengja hverja slöngu fyrir sig. Togið létt í slönguna til að gá hvort tengingin hafi heppnast.

ATHUGIÐ: Gætið þess að tæma safngeymi olíu þegar hann hefur fyllst.

Stjórnloki II er aukabúnaður fyrir 5050E-, 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi.


Stjórnloki II er settur í 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með stýrihúsi í verksmiðju.

RQNGXK6,0000013 -85-04JAN22-1/1


Stjórnloki III (ef til staðar)

ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að slönguendinn og tengin séu hrein.

⚠ AÐGÁT: Vökvaslöngur geta bilað vegna ytri skemmda, snúnings, aldurs og veðrunar. Athugið slöngur reglulega. Skiptið um skemmdar slöngur.



Sýnt fyrir 5050E-, 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélur með opnu stýrishúsi



Sýnt fyrir 5050E-, 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélur með stýrishúsi

A— Rykhlífar

B— Tengir

C— Tengir

D— Safngeymir olíu

1. Fjarlægjið rykhlífar (ef þær eru til staðar) af slönguenda.
2. Losið rykhlífar (A) af tengjum.
3. Tengjið slöngu verkfæris við tengi (B og C).
4. Þrýstið slönguendanum þétt inn í tengið til að tengja hverja slöngu fyrir sig. Togið létt í slönguna til að gá hvort tengingin hafi heppnast.

ATHUGIÐ: Gætið þess að tæma safngeymi olíu þegar hann hefur fyllst.

RQNGXK6,0000014 -85-04JAN22-1/1

Númer stjórnloka og samsvarandi litir




Númer stjórnloka og samsvarandi litir	
Númer stjórnloka	Litir
Stjórnloki I	Grænn
Stjórnloki II	Blár
Stjórnloki III	Brúnn

NM61126,000033A -85-02DEC16-1/1

Auðkenning miðjufests lokatengis (ef til staðar)

- | | |
|--|---|
| A—Skóflutjakkur—Stangar-
endi (gulur) | C—Bómutjakkur — hólkendi
(blár) |
| B—Skóflutjakkur — hólkendi
(svartur) | D—Bómutjakkur —
stangarendi (rauður) |




PY16180 —UN—26JUN12


Tveggja aðgerða miðjufestur loki

vynptis,1729056005345 -85-18OCT24-1/1


Einvirkur tjakkur tengdur




Stjórnþæki hægra megin, opið stýrishús, eingöngu 5050E




Stjórnþæki hægra megin, stýrishús, eingöngu 5050E




Stjórnþæki hægra megin, opið stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E



Stjórnþæki hægra megin, stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E



Tengi stjórnloka, stýrishús



Tengi stjórnloka, opið stýrishús

A— Stjórnlokastöng I
B— Stjórnlokastöng II
C— Tengir stjórnloka II (tjakkur í útdreginni stöðu)

D— Tengir stjórnloka II (tjakkur í inndreginni stöðu)
E— Tengir stjórnloka I (tjakkur í útdreginni stöðu)
F— Tengir stjórnloka I (tjakkur í inndreginni stöðu)

Til að stöng (A og B) virki rétt skal eingöngu tengja einvirkan tjakk við lengingarslöngu fyrir úttak stjórnloka.

MIKILVÆGT: Það olíumagn sem þarf til að lengja tjakkinn má ekki verða til þess að hæð

gírolíu/glussa fari niður fyrir neðra hæðarglas. Athugið olíuhæð með tjakkinn í fullri leng. (Sjá "Staða gírolíu/glussa athuguð" í hlutanum "Þjónusta—á 50 vinnustunda fresti" í kafla 90.)

Ýtið stjórnstöng stjórnloka alveg fram til að nota flotstöðu til að lækka einvirka tjakkinn.

Í flotstöðu lengist tjakkurinn og dregst inn án þess að vélarafi sé notað.

RQNGXK6,0000015 -85-04JAN22-2/2

Leiðrétting á öfugri svörun tjakks

⚠ AÐGÁT: Ef tjakkur svarar öfugt við stjórnstöngina og lengist þegar hann ætti að dragast inn skal snúa við slöngutengingunum við tengin.


MX,RHIP,IA1 -85-24JUL95-1/1

Hlutlaus staða stjórnstangar




Stjórnþæki hægra megin, opið stýrishús, eingöngu 5050E

PY41948—UN—29AUG17




Stjórnþæki hægra megin, stýrishús, eingöngu 5050E

PY33009—UN—14OCT16



Stjórnþæki hægra megin, opið stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E

PY41949—UN—29AUG17



Stjórnþæki hægra megin, stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E

PY29299—UN—12OCT16

A—Stjórnlokastöng I


B—Stjórnlokastöng II (ef til staðar)

Fjaðurspenna veldur því að stöng (A og B) fer aftur til baka að miðju (nema þegar stöngin er í fremstu stöðu, í


"flotstöðu"). Þegar stjórnstangirnar eru í miðstöðu er ytri tjakkurinn festur með vökvakerfinu.

NM61126,00004F7 -85-29AUG17-1/1


Tjakkur lengdur/dreginn inn




Stjórnþæki hægra megin, opið stýrishús, eingöngu 5050E




Stjórnþæki hægra megin, stýrishús, eingöngu 5050E



Stjórnþæki hægra megin, opið stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E



Stjórnþæki hægra megin, stýrishús, 5058E, 5067E. og 5075E



Tjakkur

A—Stjórnstöng

B—Tjakkur lengdur/dreginn inn

Tjakkur lengdur

Togið stöng (A) eins langt aftur og hægt er í hlutlausri stöðu og haldið henni gegn fjaðurþrýstingi. Við þetta lengist tjakkurinn (B) (ör upp) sem tengist við tengin og við það má búast við að verkfæri lyftist. Stöngin fer aftur í hlutlausu stöðu þegar henni er sleppt.

Tjakkur dreginn inn

Ýtið stöng (A) fram og haldið henni gegn fjaðurþrýstingi. Við þetta dregst tjakkurinn (B) inn sem tengist við tengi

stjórnlokanna og við það má búast við að verkfæri lyftist. Stöngin fer aftur í hlutlausu stöðu þegar henni er sleppt.

Flotstaða

Ýtið stjórnstönginni alla leið fram á við í lásstöðu til að virkja floteiginleikann. Í flotstöðu getur tjakkurinn dregist út og inn án utanaðkomandi inngrips, svo sem þegar verkfæri fylgir yfirborði jarðar.

Framhald á næstu blaðsíðu

NM61126,000030E -85-29AUG17-1/2

MIKILVÆGT: Þegar ekki er þörf á flotstöðu skal færa stöngina handvirkt til baka í hlutlausa stöðu til að koma í veg fyrir flotstaðan verði notuð í ógáti.

NM61126,000030E -85-29AUG17-2/2

Loki fyrir vökvaknúna hemla tengivagns (ef til staðar)

1. Fjarlægðu rykhlíf (B og D) af opum viðbótarlínu (C) og stjórnlínu (E) á hemlaloða tengivagns (A) eins og sýnt er.
2. Tengdu þrýstingsslöngur tengivagnshemla við op viðbótarlínu (C) og stjórnlínu (E), gangið úr skugga um að allar tengingar séu þéttar og sitji tryggilega.
3. Ýtið hemlafótstigum niður til að stjórna vökvahemlum tengivagns. Áhrif hemlunar fara eftir því hversu miklum þrýstingi er beitt á hemlafótstig.


⚠ AÐGÁT: Farið aldrei yfir 25 km/klst. (15 mph) hraða þegar ekið er með tengivagn með vökvaknúnum hemlum.

MIKILVÆGT: Athugið eftirfarandi atriði til að koma í veg fyrir óþarfa slit á hemlum:

Gangið úr skugga um að þrýstislangan sé rétt tengd.

Setjið í sama gír þegar ekið er niður og upp brekku.

Athugið vökvaknúna hemla tengivagns reglulega til að vera viss um að þeir virki rétt.



Loki fyrir vökvaknúna hemla tengivagns

A— Loki fyrir hemla tengivagns D— Rykhlíf stjórnleiðslu
B— Rykhlíf fyrir viðbótarleiðslu E— Op stjórnleiðslu
C— Op viðbótarleiðslu

PY41951 —UN—29AUG17

Framhald á næstu blaðsíðu

NM61126,00004EE -85-29AUG17-1/2


Notkun/flæði í loka tengivagnshemils

1. Loki tengivagnshemils þjónar þeim tilgangi að taka á móti mesta þrýstingi aðal- og aukahemla og flytja hann yfir í tengivagnshemilinn.
2. Þessa loka verður að nota á eftirvagna með hefðbundnum hemlum.
3. Ef upp kemur bilun í stjórnlínum mun þrýstingur í viðbótarlínunni falla í 10 bör innan tveggja sekúndna frá því að stjórnbúnaður aðalhemla er virkjaður að fullu. Þegar aðalhemlum er sleppt kemur þrýstingur að nýju á viðbótarlínuna.
4. Virkja þarf aðalstjórnspólu með vökvahleðsluskynjun.
5. Lokinn er af gerðinni "Plug and Brake".

ATHUGIÐ: 1. Tenging stjórnleiðsluslöngu þarf að uppfylla ISO 5676.


2. Tenging viðbótarleiðslu þarf að uppfylla ISO 16028, stærð 10.

D1— Ø lágm. 12,50, hámm. 12,57 (mm) D3— Ø lágm. 12,65, hámm. 12,70 (mm)
D2— Ø lágm. 16,10, hámm. 16,20 (mm)



Tenging stjórnleiðsluslöngu (ISO 5676)

D1— Ø 16,5 + 0,01 (mm) D3— Ø 16,4 - 0,01 (mm)
D2— Ø 30 (mm) D4— Ø 30 (mm)



Tenging viðbótarleiðslu (ISO 16028, stærð 10)

NM61126,00004EE -85-29AUG17-2/2

PY41852—UN—14AUG17


PY41853—UN—14AUG17

Tjakkslöngur aftengdar

1. Ef hægt er, skal draga ytri tjakkinn inn eins mikið og mögulegt er til að verja stöngina skemmdum.

⚠ AÐGÁT: Vökvar sem sprautast út undir miklum þrýstingi geta farið í gegnum húðina og valdið alvarlegum meiðslum. Takið því þrýstinginn af áður en vökvaleiðslur eða aðrar leiðslur eru teknar í sundur. Verið viss um að allir tengistaðir séu þéttir áður en þrýstingi er aftur hleypt á kerfið. Erfitt er að koma auga á vökvaolíu sem lekur úr litlu gati. Notið því pappu þegar leitað er að leka. Skýlið höndum og líkama gegn háþrýstivökvum.

Dráttarvélin er aðeins dregin með rétt og vegin dráttarvél með kyrrstæðri dráttarbeisli. (Sjá notendahandbók dráttarvélarinnar um mótvægis kröfur.)

Áfast og hálfaðlaðandi verkfæri ætti að vera tengt við dráttarvél með þriggja punkta beislið eins og tilgreint er í notendahandbók verkfærisins. Dráttarvélin ætti að hafa

rétt að afturhjólbardana og sveiflustoppararnir ættu að vera í niðurstöðunni. Ekki flytja nema að framan enda er mótvægi á móti þyngdarklossunum sem tilgreindir eru í notendahandbók dráttarvélarinnar um réttan kóða verkfæris.

Festið vel rétta öryggistengikeðju á milli verkfæriinu og dráttarvélarinnar áður en það er flutt.

Stöðvunarvegalengd eykst með hraða og þyngd dráttarhlass og þegar verið er að flytja í halla. Farið eftir þeim leyfilegu hámarkshraða sem mælt er með, eða staðbundnum hraðatakmarkunum sem kann að vera lægri:

- Ef dráttarbúnaðurinn er ekki með hemla skal ekki flytja á hraðanum fyrir ofan 32 km/klst. (20 mph) og ekki draga Farm sem er þyngri en 1,5-þyngdarklossann.
- Ef dráttarbúnaðurinn er með hemla skal ekki flytja á hraðanum fyrir ofan 40 km/klst. (25 mph) og ekki er dregið úr hlassi sem er meira en 4,5 stundir.

Sýna þarf sérstaka aðgát og draga úr hraða þegar ekið er á ójöfnu svæði, í beygjum og upp í móti.

Festið verkfærishraðinn við dráttarvélinu og gangið úr skugga um að kveikt sé á varúðar-og afturljósum bæði dráttarvélarinnar og verkfæriinu og virki rétt.

Gangið úr skugga um að SMV og aðrar merkingar á tæki séu hrein og sýnileg.

DX,DELIVER -85-26JUL19-1/1


Akstur dráttarvélar á vegum

⚠ AÐGÁT: Þegar unnið er á vegi, færið ljósrofann í stöðu fyrir há ljós eða lág (dauf) ljós. Þegar ekið er á almennum vegum skal aldrei nota vinnuljósinn. Sterk ljós aftan á dráttarvélinni geta truflað ökumenn annarra ökutækja sem nálgast vélina aftan frá.

1. Áður en unnið er með dráttarvél á þjóðvegum skal ganga úr skugga um að blikkandi viðvörunarljós virki sem skyldi. Setjið upp viðbótarlýsingu á búnað **samkvæmt öryggisreglum og staðbundnum reglugerðum.**


A— Vinnuljós

B— Afturljós



Opið stýrishús

APY64176 —UN—28DEC21



Stýrishús

APY41809 —UN—08FEB21


RQNGXK6,0000018 -85-04JAN22-1/5

MIKILVÆGT: Nánari upplýsingar um virkni og eiginleika ljósabúnaðar má finna í kaflanum "Ljós".

2. Snúið stefnuljósarofa (B) í stöðuna há aðalljós eða lág aðalljós. Notið aldrei skær ljós sem sjást þegar komið er aftan að ökutækinu. Deyfið ávallt aðalljósinn áður en öðru ökutæki er mætt. Hafið aðalljósinn ávallt vel stillt.
3. Notið stefnuljós þegar beygt er. Færið stefnuljósastöngina (A) aftur í miðju þegar búið er að beygja.
4. Tengið hemlafótstig (C) saman áður en keyrt er á vegi. Forðist að hemla harkalega.

A—Stefnuljósarofi
B—Ljósarofi

C—Hemlafótstig




Stýrishús sýnt


PY41955 —UN—29AUG17

Framhald á næstu blaðsíðu

RQNGXK6,0000018 -85-04JAN22-2/5



Fyrir 5050E-dráttarvélar með opið stýrishús (SyncShuttle-gírskipting)



Fyrir 5050E-dráttarvélar með opið stýrishús (PowerReverser™-gírskipting)



Fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi



Fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með stýrihúsi

A—Rofi fyrir raf- og vökvaknúið framdrif

5. Aftengið vélrænt framhjóladrif (A) þegar EH MFWD-dráttarvél er flutt. Ef flutningur á hörðu undirlagi á sér stað með EH MFWD tengt munu framhjólbarðar eyðast óhóflega.
6. Keyrið nógu rólega til að stuðla að öryggi. Hægið ferðina þegar ekið er í brekkum, á ójöfnu undirlagi og í kröppum beygjum, einkum þegar þungur búnaður að aftan er fluttur.
7. Áður en farið er niður brekku skal skipta í lægri gir til að stjórna hraðanum án þess að hemla. Akið aldrei

niður brekku með kúplinguna ótengda. Það getur sett kúplingsdiskinn á yfirsnúning og skemmt kúplinguna verulega.

8. Þegar ekið er niður brekku á hálum vegum eða malarvegum skal gæta þess að dráttarvélin renni ekki til, sem gæti valdið því að ökumaður missir stjórn á vélinni. Dragið úr hraða og gætið þess að dráttarvélin hafi rétt mótvegi til að draga úr hættu á því að hún renni til.

Framhald á næstu blaðsíðu


RQNGXK6,0000018 -85-04,JAN22-3/5

⚠ AÐGÁT: Öryggiskeðjan tryggir öruggari flutning tækja sem höfð eru í togi ef þau skyldu losna frá dráttarbita. Festið keðjuna með réttum tengihluta við dráttarbitafestingu dráttarvélarinnar eða við aðra þá festipunkta sem gefnir eru upp. Hafið keðjuna rétt nógu slaka til að hægt sé að taka beygjur. Hjá söluaðila John Deere fást keðjur í þeim styrkleika sem hentar viðkomandi búnaði sem á að draga. Notið EKKI öryggiskeðju við drátt.

MIKILVÆGT: Öryggiskeðjan er eingöngu ætluð fyrir flutninga. Ekki má nota hana til að draga eða toga verkfæri eða önnur tæki sem ekki eru tengd við dráttarbita, slíkt getur valdið skemmdum á dráttarvélinni.

ATHUGIÐ: Tengid og athugid virkni hemla eftirvagns (ef til staðar).

9. Hlass í togi flutt:



TS217 —UN—23AUG88

Festið dráttarbitapinnann á sinn stað og notið öryggiskeðjuna til að hjálpa til við að stjórna dregnum búnaði ef hann losnar frá dráttarbitanum við flutning.

RQNGXK6,0000018 -85-04JAN22-4/5


⚠ AÐGÁT: Stöðvunarvegalegd eykst með hraða og þyngd dregins hlass og í brekkum. Ef hlass sem er í togi með eða án hemla er of þungt fyrir dráttarvélin eða er dregið of hratt getur það valdið því að ökumaður missir stjórn á vélinni. Takið tillit til heildarþyngdar búnaðarins og hlassins.

Fylgið ráðlögðum hámarksaksturhraða, eða hraðatakmarkunum á hverjum stað fyrir sig, sé sá hraði lægri:

Ef búnaður sem tekinn er í tog er ekki með hemla skal ekki aka hraðar en 32 km/klst. (20 mph) og ekki skal draga hlass sem er þyngra en sem nemur 1,5-faldri þyngd dráttarvélarinnar.

Ef búnaður sem tekinn er í tog er með hemla skal ekki aka hraðar en 40 km/klst. (25 mph) og ekki skal draga hlass sem er þyngra en sem nemur 4,5-faldri þyngd dráttarvélarinnar.

Gangið úr skugga um að hlassið fari ekki yfir ráðlagt þyngdarhlutfall. Bætið við mótvægi upp að ráðlögðu hámarki fyrir dráttarvélin, léttið hlassið eða útvegið þyngra tæki fyrir togið. Dráttarvélin verður að vera nægilega þung og búa yfir krafti og hemlunargetu sem er nægileg fyrir hlassið sem dregið er. Sérstaka aðgát þarf að sýna þegar ekið er á ójöfnu svæði, í beygjum og þegar ekið er upp í móti.



TS216 —UN—23AUG88

10. Gætið varúðar þegar dráttarvélinni er ekið á flutningshraða. Dragið úr hraða ef búnaðurinn sem er dreginn er ekki með hemla og er þyngrri en dráttarvélin. (Í notendahandbók fyrir dreginn búnað má sjá ráðlagðan flutningshraða).
11. Sérstaka aðgát þarf að sýna þegar farmur er dreginn í erfiðum aðstæðum, þegar beygt er eða ekið er í halla.
12. Þung verkfæri sem eru dregin eða fest að aftan geta farið að sveiflast til við flutning. Ef verkfæri sveiflast mikið til hefur það áhrif á stjórn ökutækisins. Akið hægt og forðist að snúa stýrinu snögg. Í handbók um stjórnun verkfæra má finna hámarksökuhraða fyrir hvert verkfæri.


RQNGXK6,0000018 -85-04JAN22-5/5

Flytjið dráttarvél á öruggan máta

Best er að flytja óökuhæfa dráttarvél á lágum vörubílspalli. Festið dráttarvélin vel og vandlega með keðjum. Gott er að nota öxlana og dráttarvélargrindina til festingar.

Athugið að vélarhlífin, hurðir, þaklúga (ef fyrir hendi) og gluggar séu kyrfilega lokaðir áður en dráttarvélin er flutt á lágum vörubílspalli eða lágum tengivagni.

Þegar dráttarvélin er dregin má hámarkshraði ekki fara yfir 10 km/klst (6 mph). Dráttarvélinni verður að vera stýrt og bremsað af ökumanni.



RXA0103709 — UN — 01JUL09

DX,WW,TRANSPORT -85-19AUG09-1/1

Dráttarvél dregin

⚠ AÐGÁT: Fjarlægið MFWD-drifskafið ef dráttarvél er dregin með framhjólin á vagni. Tap á rafmagni eða þrýstingi í gírskiptingar-/vökvakerfi mun virkja MFWD-drifið og toga dráttarvélinu af vagninum jafnvel þótt rofinn sé í stöðunni ÓVIRKT.

MIKILVÆGT: Til að koma í veg fyrir skemmdir á íhlutum gírkassa og aflrásar skal **ALDREI** reyna að ræsa dráttarvélinu með tugi; vélin fer ekki í gang með þeim hætti.

1. Fjarlægið drifskafið ef dráttarvélin er með MFWD og er dregin með framhjólin á vagni:
 - a. Fjarlægið þrjá bolta og rennið hlífinni af drifskafinu (C). Endurtakið hinum megin.
 - b. Fjarlægið láspinna (A) með úrreki og hamri.
 - c. Styðjið við drifskafið og rennið tengi (B) í átt að hlíf (C) til að aftengja.
 - d. Fjarlægið drifskafið, hlífar og tengi.
2. Látið vélinu ganga á 1250 sn./mín., sé þess kostur, til að smyrja hana, virkja aflstýri og veita afli í hemla. Látið ökumann stjórna dráttarvélinni og hemla.
3. Ef ekki er hægt að keyra vélinu skal bæta 40 l (10 gal.) af gírolíu og glussa við gírkassann. Tappið umframolíu af eftir flutning.
4. Ýtið á hemlafetlana til að tryggja að mismunadríflásinn sé ekki tengdur.
5. Aftengið aflúttakið og setjið þrepgírstöng og gírstangir í HLUTLAUSA stöðu.
6. **PowrReverser™-gírkassi:** Setjið vendigírstöngina í HLUTLAUSA stöðu.
7. Dragið ekki dráttarvélinu á meiri hraða en 8 km/klst. (5 mph). Ekki fara hraðar en 3 km/klst. (2 mph) fyrstu 10 mínúturnar við hitastig sem er undir frostmarki.

Eftir drátt




Ef vélin er með MFWD skal bera fjölnotafeiti á tengi og rílur skaftsins og setjið drifskafið aftur í.

Látið umfram gírolíu og glussa leka af til að ná aftur fullri stöðu.

Kannið olíustöðuna með kvarða (D) eftir að búið er leka af og aftur þegar vélin hefur verið keyrð í fimm mínútur.

A—Láspinni
B—Tengi

C—Hlíf fyrir drifskafi
D—Olíukvarði



LV14557 —UN—03AUG11

LV14558 —UN—03AUG11

LV14559 —UN—03AUG11

NM61126,00002C7 -85-05SEP16-1/1

Dráttarpunktar - að framan


MIKILVÆGT: Forðist skemmdir á stýrisstrokkum eða millistöngum.

Hér á eftir er listi yfir dráttarpunkta sem einnig nýtast til að losa vél sem er sokkin föst:


- Fjarlægið splittið (A) á framþyngdarklossanum, tengið við dráttarpinna hefðbundna mótvægisins (B) með dráttarbúnaði að framan eða dráttartaug og festið með splitti.
- Fjarlægið splittið (A) á framþyngdarklossanum, tengið við dráttarpinna stóra framþyngdarklossans (B) með dráttarbúnaði að framan eða dráttartaug og festið með splitti.

A— Láspinni

B— Dráttarpinni



Hefðbundið mótvægi með dráttarbúnaði að framan



Hefðbundið mótvægi með stórum þyngdarklossum

WKJQUWJ,00009AE -85-29MAR21-1/1

APY41866 —UN—29MAR21

APY41867 —UN—29MAR21

Dráttarpunktar - að aftan


MIKILVÆGT: Forðist skemmdir á stýrisstroknum eða millistöngum.

Hér á eftir er listi yfir dráttarpunkta sem einnig nýtast til að losa vél sem er sokkin föst:


- Dráttarpinni (A) er fyrir afturhluta dráttarvélar á tengikeðju dráttarpunkts.
- Annar valkostur er dráttarpinni á vagntengi (B), ef til staðar.

A—Dráttarpinni á aftari dráttarbita

B—Dráttarpinni á aftara vagntengi



Dráttarpinni á aftari dráttarbita



Dráttarpinni á aftara vagntengi

WKJQUWJ,00009C0 -85-29MAR21-1/1

APY41866 —UN—29MAR21


APY41867 —UN—29MAR21

Skorðið dráttarvélinu kyrfilega

Setjið tengibúnað á jörðina áður en unnið er við dráttarvélinu. Tryggið ávallt örugga undirbyggingu þegar unnið er við dráttarvélinu eða tengibúnað í upphækkaðri stöðu. Í upphækkaðri stöðu getur vökvastýrður búnaður sigið óvart niður vegna óþéttleika.

Notið engan við sem er holur að innan, múrsteina eða önnur efni til undirbyggingar sem gætu gefið eftir undir stöðugu álagi. Vinnið aldrei undir tæki sem er aðeins haldið uppi með tjakki. Farið ávallt eftir þeim vinnufyrirmælum sem hér eru gefin.

Farið ávallt eftir öryggisábendingum viðkomandi notendahandbókar þegar notaður er aukabúnaður eða tengibúnaður með dráttarvélinni.



DX,LOWER -85-24FEB00-1/1

TSS29 —UN—23AUG88

Lyftipunktar dráttarvélar

Merking sem sýnir rétta staðsetningu fyrir tjakk



Á bretti vinstra megin - opið stýrishús

Upplýsingar um smurstaði og lyftipunkta á vélinni má finna í þessari notendahandbók.




Vinstra megin við stjórnanda - stýrishús



Hlutarnúmer: SU48175

Framhald á næstu blaðsíðu

WKJQUWJ,00009AF -85-29MAR21-1/3



APY41869 —UN—29MAR21

A—Lyftipunktur dráttarvélar að aftan

B—Lyftipunktur dráttarvélar að framan

Hægt er að staðsetja tjakk við punkta (A) þ.e. við mismunahlífina, til að tjakka ökutækið upp að aftan.

Til að tjakka ökutækið upp að framan skal staðsetja tjakkinn við punkta (B), þ.e. framöxul eins og sýnt er.

ATHUGIÐ: Fjarlægð þyngdarklossa að framan áður en framenda dráttarvélarnar er lyft.


Framhald á næstu blaðsíðu

WKJQUWJ,00009AF -85-29MAR21-2/3



Dæmi

JT02043—Stoðtjakkur, 482—736 mm (19—29 to.) JT02044—Stoðtjakkur, 863—1117 mm (34—44 to.)



JT07211

JT02043 og JT02044 stoðtjakkur

JT07211 —UN—14DEC06

⚠ AÐGÁT: Notið aðeins þar til gerðan lyftibúnað.

Tjakið dráttarvélina eingöngu upp á traustu, sléttu yfirborði.

Festið dráttarvélina með hentugum stoðtjökkum áður en unnið er frekar við hana. Hægt er

að nota sérverkfæri frá John Deere í þessum tilgangi. Hægt er að fá þessa tjakkstanda hjá John Deere söluaðila.

WKJQUWJ,00009AF -85-29MAR21-3/3

LX1049890 —UN—05MAR24

Eldsneyti, smurefni og kælivökvi

Örugg meðhöndlun eldsneytis - varist eldhættu

Notið aðeins díseldsneyti.

Umgangist eldsneyti varlega, það er mjög eldfimt.

EKKI setja eldsneyti á vélina:


- Meðan reykt er.
- Meðan vélin er nálægt opnum eldi eða neistum.
- Meðan vélin er í gangi. DREPIÐ Á vélinni.

Fyllið á eldsneytisgeymi undir beru lofti.

Minnkið eldhættu með því að:

- Hreinsa olíu, feiti og óhreinindi af vélinni.
- Hreinsið strax upp eldsneyti sem hellist niður.

Geyma vélina ekki með eldsneyti í geyminum inni í byggingu þar sem gufur geta komist í snertingu við opinn eld eða neista.



MT3115 —UN—09MAR90

MX,FIRE,5A1 -85-22JUL94-1/1

Meðhöndlið vökva með aðgát – Forðist eldsvoða

Þegar unnið er með vökva skal ekki reykja eða vinna nálægt hitörum eða annarri eldhættu.

Geymið eldfima vökva fjarri eldhættu. Ekki kveikja í eða stinga gat á þrýstibrúsa.

Tryggið að vélin sé laus við rusl, fitu og laust dót.

Ekki geyma olíuskítugar tuskur því það getur kviknað skyndilega í þeim og þær brunnið.



TS227 —UN—15APR13

DX,FLAME -85-29SEP98-1/1

Geymsla á eldsneyti

Kaupið hreint eldsneyti í góðum gæðaflokki frá virtum söluaðila.

Rétt geymsla eldsneytis er mjög mikilvæg. Notið hrein geymslu- og flutningsílát. Tæmið vatn og óhreinindi úr botni ílátsins með reglulegu millibili.

Forðist að geyma eldsneyti yfir lengri tíma. Ef eldsneyti er mjög lengi í eldsneytisgeyminum eða geymsluflátinu er nauðsynlegt að bæta eldsneytisíbæti frá John Deere

við eldsneytið til að koma í veg fyrir vatnspéttingu. (Hafið samband við næsta söluaðila John Deere til að fá ráðleggingar um viðeigandi þjónustu eða viðhald.)

Geymið eldsneyti á hentugum stað, fjarri byggingum.

ATHUGIÐ: John Deere Fuel Flow Improver eða sambærilegu efni er bætt í eldsneytisgeymi eða geymslutank til að draga úr hlaupmyndun eldsneytis og ná stjórn á skiljun á vaxi þegar kalt er í veðri.

PU00210.00001CC -85-17MAR20-1/1

Notkun í köldu veðri

MIKILVÆGT: Rétt seiglustig er mjög mikilvægt þegar nóta á gírskiptinguna í köldu veðri. Þegar gírskipting er notuð við hitastig sem er lægra en LÁGMARKS notkunarhitastig gíróliunnar er forhitunarferli áskilið.

ATHUGIÐ: Sjá LÁGMARKS seigustig fyrir notkunarhitastig gírskiptingar sem við á í GÍROLÍA og GLUSSI í þessum hluta.

Upphitunarferli

Forhitið gíróliu upp að LÁGMARKS hitastigi fyrir notkun, ef gírskipting er forhituð með aukabúnaði.

Önnur aðferð er að hafa dráttarvélina í gangi í 20 mínútur í HLUTLAUSUM gír, eða þar til olían hefur náð LÁGMARKS hitastigi eins og mælt er með hér fyrir ofan.

SD74272,0000221 -85-17MAR20-1/1

Notkun í heitu veðri

ATHUGIÐ: Sjá rétt seigjustig fyrir notkunarhitastig gírskiptingar sem við á í GÍROLÍA OG GLUSSI í þessum hluta.

- Þegar lofthiti er stöðugt yfir 30°C (86°F)
- Þegar oft þarf að stöðva og taka af stað í heitu veðri
- Þegar keyrt er oft upp brattar brekkur í heitu veðri

Notið olíu með hærra seigjustigi við eftirfarandi aðstæður:

SD74272,0000222 -85-17MAR20-1/1

Geymsla og umgengni við dísiseldsneyti

⚠ AÐGÁT: Dragið úr hættu á íkveikju. Sýnið aðgát í umgengni við eldsneyti. **EKKI** fylla á eldsneytistankinn þegar vélin er í gangi. **EKKI** reykja þegar fyllt er á tankinn eða þegar eldsneytiskerfi er skoðað.

Fyllið á tankinn daglega eftir vinnu til að koma í veg fyrir vatnspéttingu og frostmyndun í eldsneytiskerfi í köldu veðri.

Hafið alla geymslutanka eins fulla og mögulegt er til að draga úr vatnspéttingu.

Tryggið að öll eldsneytislok og allar hlífir sitji rétt til að koma í veg fyrir að raki komist inn fyrir. Athugið vatnsinnihald eldsneytisins reglulega.

Þegar lífrænt dísiseldsneyti er notað gæti þurft að skipta oftar um síu þar sem hún stíflast oftar.

Athugið olíumagn daglega áður en vélin er ræst. Aukin olíustaða getur verið vegna þynningar á vélarolíunni.

MIKILVÆGT: Eldsneytistankurinn hleypir út lofti í gegnum áfyllingarlokið. Notið ávallt ekta lok þegar skipta þarf um áfyllingarlok.

Ef eldsneyti er lengi í eldsneytistankinum (ef dráttarvélin er lítið notuð) eða ef það er geymt í lengri tíma skal nota eldsneytisíðbæti til að gera það stöðugara. Að sjá til þess að vatns tæmist af og meðhöndla eldsneytisgeymslutankinn ársfjórðungslega með viðhaldsskammti af sæfiefni kemur í veg fyrir örverugróður.

DX,FUEL4 -85-01MAR25-1/1

Dísileldsneyti

Spyrjið olíusölumann um eiginleika þeirrar dísilolíu sem er fánleg í þínu nágrenni.

Að öllu jöfnu er dísilolía þannig blönduð að hún henti veðurfarinu þar sem hún er seld.

Mælt er með dísilolíu af gerðinni EN 590 eða ASTM D975. Endurnýtanlegt dísileldsneyti sem gert er úr fitusprengdri dýrafitu og jurtaolím samsvarar í grunninum jarðolíueldsneyti. Hægt er að nota endurnýtanlegt dísileldsneyti í hvaða hlutfallsblöndu sem er, ef það uppfyllir 590, ASTM D975 eða EN 15940 staðla.

Nauðsynleg skilyrði eldsneytis

Eldsneytið verður ávallt að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Cetantala 40 a.m.k. Mælt er með Cetantölu yfir 47, einkum í hitastigi undir -20°C (-4°F) eða í yfir 1675 m (5500 ft.) hæð yfir sjávarmáli.

Flekkmörk verða að vera lægri en lægsta umhverfishitastig sem búist er við eða **Stíflumark** (CFPP) verður að vera að hámarki 10°C (18°F) undir flekkmörkum eldsneytisins.

Smurningshæfni eldsneytisins verður að vera með hámarks 0,52 mm rispupermál mælt skv. stöðlum ASTM D6079 eða ISO 12156-1. Mælt er með hámarks 0,45 mm rispupermáli.

Gæði dísileldsneytisins og magn brennisteins verða að samræmast öllum staðarreglugerðum um útblástur þar sem vélin er notuð. NOTIÐ EKKI dísileldsneyti með meira en 10.000 mg/kg (10.000 ppm) brennisteinsinnihaldi.

Efni eins og kopar, blý, sink, tin, eir og brons ætti að forðast í meðhöndlun eldsneytis, dreifingu og geymslu búnaðar þar sem þessir málmar geta hvata oxunarviðbrögð eldsneytis sem geta leitt til eldsneytiskerfisinnsetningar og tappa eldsneytis sía.

E-dísileldsneyti

EKKI NOTA E-dísileldsneyti (blöndu úr dísileldsneyti og etanóli). Ef E-dísileldsneyti er notað í John Deere vinnuvél getur það ógilt ábyrgð vinnuvélarinnar.

⚠ AÐGÁT: Komið í veg fyrir alvarleg eða jafnvel dauðaslys vegna eld- og sprengihættu sem fylgir notkun á E-dísileldsneyti.

¹ Sjá DX, ENOIL12, OEM, DX, ENOIL12, T2, STD eða DX, ENOIL12, T2, EXT fyrir frekari upplýsingar um þjónustutímabil fyrir vélarolíu og síu.

Brennisteinsinnihald fyrir Interim Tier 4, Final Tier 4, stig III B, stig IV og stig V vélar yfir 560 kW

- Notaðu AÐEINS dísilolíu að hámarki 500 mg / kg (500 ppm) brennisteinsinnihald.

Brennisteinsinnihald fyrir Interim Tier 4, Final Tier 4, stig III B, stig IV í vél og stig stig V

- Notið AÐEINS dísileldsneyti með mjög litlum brennisteini (ULSD), að hámarki 15 mg/kg (15 ppm).

Brennisteinsinnihald fyrir Tier 3 og Stage III A vélar

- Notkun dísileldsneytis með minna en 1000 mg/kg (1000 ppm) brennisteinsinnihald er RÁÐLÖGÐ.
- Notkun dísileldsneytis með 1000—2000 mg/kg (1000—2000 ppm) brennisteinsinnihald DREGUR ÚR skiptum á olíu og síum.
- Hafið samband við John Deere söluaðila ÁÐUR en dísileldsneyti með meira en 2000 mg/kg (2000 ppm) brennisteinsinnihaldi er notað.

Brennisteinsinnihald fyrir Tier 2 og Stage II vélar

- Notkun dísileldsneytis með minna en 2000 mg/kg (2000 ppm) brennisteinsinnihald er RÁÐLÖGÐ.
- Notkun dísileldsneytis með 2000—5000 mg/kg (2000—5000 ppm) brennisteinsinnihald DREGUR ÚR skiptum á olíu og síum.¹
- Hafið samband við John Deere söluaðila ÁÐUR en dísileldsneyti með meira en 5000 mg/kg (5000 ppm) brennisteinsinnihaldi er notað.

Brennisteinsinnihald fyrir aðrar vélar

- Notkun dísileldsneytis með minna en 5000 mg/kg (5000 ppm) brennisteinsinnihald er RÁÐLÖGÐ.
- Notkun dísileldsneytis með meira en 5000 mg/kg (5000 ppm) af brennisteini DREGUR ÚR skiptum á olíu og síum.

MIKILVÆGT: Ekki blanda notaðri dísilvélarolíu eða annarri smurolíu við dísileldsneyti.

Notkun rangra eldsneytisíblendiefna getur valdið skemmdum á eldsneytis-innsprautunarbúnaði dísilvéla.

DX, FUEL1 -85-01NOV22-1/1

Dregið úr áhrifum af köldu veðri á dísilvélar

John Deere vélar eru hannaðar til að vinna vel í köldu veðri.

Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að sýna smá aðgát þegar vélin er ræst og notuð í köldu veðri. Eftirfarandi upplýsingar sýna atriði sem geta dregið úr áhrifum af köldu veðri á ræsingu og starfsemi vélarinnar. Leitið upplýsinga hjá John Deere eða öðrum þjónustuveitanda fyrir frekari upplýsingar um aðstoð í köldu veðri.

Notið olíu fyrir vetrarveður

Þegar hitastigið fer niður fyrir 0 °C (32 °F) er olía fyrir vetrarveður (No. 1-D í Norður-Ameríku) best fyrir aðstæður í köldu veðri. Olía fyrir vetrarveður er með lægri flekkmörk og lægri rennslispunkt.

Flekkmörk er hitastigið þegar vax byrjar að myndast í eldsneytinu. Þetta vax stíflar eldsneytissíuna.

Rennslispunkturinn er lægsta hitastigið sem hægt er að sjá hreyfingu á eldsneytinu.

ATHUGIÐ: Að meðaltali hefur dísileldsneyti fyrir vetrarveður lægri Btu (hitainnihald) tölu. Ef eldsneyti fyrir vetrarveður er notað getur það dregið úr affli og virkni eldsneytisins en ætti ekki að hafa nein önnur áhrif á vélarafköst. Athugið eldsneytisgæði áður en bilanaleit hefst vegna minnkandi affls í köldu veðri.

Loftinntakshitari

Loftinntakshitari er fánlegur fyrir sumar vélar til að auðvelda ræsingu í köldu veðri.

Kælivökvahtari

Vélarblokkarhitari (kælimiðilshitari) er fánlegur sem aukabúnaður til að auðvelda ræsingu í köldu veðri.

Olía með árstíðarbundnuseigjustigi og rétt blanda af kælimiðli

Veljið vélarolíu með seigjustigi eftir því úthitastigi sem búist er við þar til næst skal skipta um olíu og notið rétta blöndu af frostlegi með litlu magni af sílíkati. (Sjá DÍSILVÉLAROLÍA og VÉLARKÆLIMIÐILL í þessum kafla.)

Rennslisíbætir fyrir dísilolíu í kulda

Notið John Deere íbæti fyrir dísileldsneyti (vetrarblanda) sem inniheldur gellaus efni eða samsvarandi

eldsneytisíbæti til að setja í eldsneyti sem er ekki fyrir vetraraðstæður (No. 2-D í Norður-Ameríku) í köldu veðri. Með þessu eykst vinnslugetan yfirleitt í um það bil 10 °C (18 °F) fyrir neðan flekkmörk eldsneytisins. Notið eldsneyti fyrir vetrarveður til að geta unnið í enn lægra hitastigi.

MIKILVÆGT: Notið íbætiefni þegar úthitastigið fer niður fyrir 0 °C (32 °F). Notið eldsneyti með engu íbætiefni til að ná sem bestum árangri. Farið eftir öllum leiðbeiningum á merkimiðanum.

Lífræn dísilolía

Þegar blöndur með lífrænu dísileldsneyti eru notaðar getur myndast vax í hlýju hitastigi. Byrjið á því að nota John Deere eldsneytisíbæti (vetrarblanda) eða sambærilegt efni við 5 °C (41 °F) til að laga lífrænt dísileldsneyti í köldu veðri. Notið B5 eða lægri blöndur í hitastigi undir 0 °C (32 °F). Notið aðeins jarðolíudísileldsneyti fyrir vetrarveður í hitastigi undir -10 °C (14 °F).

Vetrarhlíf

Ekki er mælt því að nota kuldaeinangrun úr dúk, pappa eða hörðu efni með neinni John Deere vél. Notkun þeirra getur leitt til aukinnar notkunar vélarkælimiðils og hleðsluhitastigs. Þetta getur leitt til skemmi endingar á vélinni, afltaps og lélegri eldsneytisnýtingu. Kuldaeinangrun getur líka aukið álag á viftu og viftudrifsíhluti og þannig valdið bilun mun fyrr en ella.

Ef kuldaeinangrun er notuð má hún aldrei loka alveg fyrir grillsvæðið. Um það bil 25% flötur í miðju grillins ætti alltaf að vera óhulinn. Aldrei skal setja lofthindrunarbúnaðinn beint á miðju vatnskælisins.

Vatnskælielok

Ef vatnskælielokin eru hitastjórnð er hægt að stjórna kerfinu þannig að lokin séu alveg opin þegar kælimiðillinn nær 93 °C (200 °F) til að koma í veg fyrir að soggreinarnar ofhitni ekki. Mælt er með handstýrðum kerfum.

Ef notuð er loft-í-loft eftirkæling ættu lokin að opnast alveg þegar hitastig soggreinarinnar nær hámarks leyfilegu hitastigi út úr loftkælinum.

Lífrænt díseldsneyti

Lífrænt díseldsneyti samanstendur af mónóalkyl estrum úr fitusýrum með langar keðjur sem eru unnar úr jurtaolíu eða dýrafeiti. Blöndur úr díseldsneyti eru díseldsneyti sem hefur verið blandað við jarðolíudíseldsneyti í miklu mæli.

Farið yfir Skilyrði og meðmæli um lífrænt díseldsneyti í þessari notendahandbók áður en eldsneyti er notað sem inniheldur lífrænt díseldsneyti.

Samkvæmt lögum og reglugerðum um umhverfismál getur verið hvatt til notkunar á lífrænu eldsneyti eða hún bönnuð. Stjórnandinn ætti að hafa samband við viðeigandi stjórnvöld áður en lífrænt eldsneyti er notað.

John Deere Stage V vélar í notkun í Evrópusambandinu

Þegar nota á vélina í sambandinu með dísilolíu eða utanvega gas-olíu, skal nota eldsneyti með FAME innihaldi sem er ekki meira en 8% rúmmál/rúmmál (B8).

John Deere vélar með útblásturssíu nema Stage V vélar í notkun í Evrópusambandinu

AÐEINS er hægt að nota blöndur með lífrænu eldsneyti upp að B20 ef bíódíseldsneytið (100% lífrænt díseldsneyti eða B100) uppfyllir ASTM D6751, EN 14214 eða samsvarandi staðal. Búast má við 2% minna afli og 3% verri eldsneytisnýtingu þegar B20 er notað.

Sterkari blanda af lífrænu díseldsneyti en B20 getur haft skaðleg áhrif á útblásturskerfi vélarinnar og ætti ekki að nota. Áhættan felst meðal annars í aukinni endurnýjun, sótmyndun og styttri tíma á milli þess sem þarf að tæma ösku.

Nauðsynlegt er að nota viðurkenndan John Deere eldsneytisíbæti, sem inniheldur hreinsiefni og dreifandi íbætiefni, þegar B10—B20 blöndur með lífrænu díseldsneyti eru notaðar, og mælt er með notkun hans þegar veikari blöndur af díseldsneyti eru notaðar.

John Deere vélar án útblásturssíu John Deere

AÐEINS er hægt að nota blöndur með lífrænu eldsneyti upp að B20 ef bíódíseldsneytið (100% lífrænt díseldsneyti eða B100) uppfyllir ASTM D6751, EN 14214 eða samsvarandi staðal. Búast má við 2% minna afli og 3% verri eldsneytisnýtingu þegar B20 er notað.

Hægt er að nota sterkari blöndur af lífrænu díseldsneyti en B20 (upp að 100% lífrænt díseldsneyti) á þessum vélum. Notið AÐEINS sterkari blöndur en B20 ef lífrænt díseldsneyti er leyfilegt samkvæmt lögum og ef það uppfyllir EN 14214 staðal (fæst aðallega í Evrópu). Vélar sem nota sterkari blöndu af díseldsneyti B20 uppfylla hugsanlega ekki allar reglugerðir um útblástur. Búast má við allt að 12% minna afli og 18% verri eldsneytisnýtingu þegar 100% lífrænt díseldsneyti er notað.

Nauðsynlegt er að nota viðurkenndan John Deere eldsneytisíbæti, sem inniheldur hreinsiefni og dreifandi

íbætiefni, þegar B10—B100 blöndur með lífrænu díseldsneyti eru notaðar, og mælt er með notkun hans þegar veikari blöndur af díseldsneyti eru notaðar.

Skilyrði og ráðleggingar um notkun lífræns díseldsneytis

Hlutfall jarðolíudíseldsneytis í lífrænu díseldsneyti verður að uppfylla ASTM D975 (US) eða EN 590 (EU) staðla.

Þeir sem nota lífrænt díseldsneyti í Bandaríkjunum eru endilega hvattir til að kaupa lífrænt díseldsneyti af vottuðum BQ-9000 söluaðila og sem kemur frá löggiltum BQ-9000 framleiðanda (sem hefur verið löggiltur af Lífrænu díseldsneytisstjórninni). Hægt er að finna vottaða söluaðila og löggilta framleiðendur á eftirfarandi heimasíðu: <http://www.bq9000.org>.

Lífrænt díseldsneyti eru leifar af ösku. Öskumagn sem fer yfir hámarkið sem er leyfilegt skv. ASTM D6751 eða EN14214 getur leitt til þess að askan safnist upp hraðar og að þá þurfi að hreina útblásturssíuna (ef fyrir hendi) oftar.

Þegar lífrænt díseldsneyti er notað gæti þurft að skipta oftar um síu, einkum ef skipt er úr venjulegu díseldsneyti. Athugið olíumagn daglega áður en vélín er ræst. Meira olíumagn getur bent til þess að vélarolían sé útpýnt. Blöndur af lífrænu eldsneyti upp að B20 styrkleika verður að nota innan 90 daga frá framleiðslu. Blöndur af lífrænu eldsneyti sem eru sterkari en B20 verður að nota innan 45 daga frá framleiðslu.

Þegar allt að B20 sterkar blöndur af lífrænu díseldsneyti eru notaðar verður að fylgjast með:

- Verra rennsli í köldu veðri
- Stöðugleiki og geymsla (rakapétting, örverugróður)
- Hugsanlegar hindranir og stíflur í síu (yfirleitt þegar fyrst er skipt yfir í lífrænt díseldsneyti í notuðum vélum)
- Hugsanlegur eldsneytisleki í gegnum péttingar og slöngur (aðallega vandamál í eldri vélum)
- Hugsanlega styttri tími milli skoðana fyrir vélaríhluti

Biðjið um vottaða greiningu hjá eldsneytissalanum til að tryggja að eldsneytið uppfylli staðlana sem getið er um í notendahandbókinni.

Hafið samband við John Deere söluaðila vegna John Deere viðurkennds eldsneytisíbætis til að bæta geymsluþol og virkni lífræns díseldsneytis.

Eftirfarandi verður einnig að hafa í huga þegar sterkari blöndur af lífrænu díseldsneyti en B20 eru notaðar:

- Hugsanleg koksun og /eða stíflaðir spíssar sem leiðir til aflmissis og að vélín miskveikir ef eldsneytisíbætir, viðurkenndur af John Deere eða sambærilegur með hreinsiefni/leysiefni er ekki notaður
- Sveifarhúsólan þynnist hugsanlega (sem þýðir tíðari olíuskipti)
- Hugsanleg lökkun eða úrbræðsla innri íhluta
- Hugsanleg drulla og botnfall
- Hugsanleg oxun eldsneytis við herra hitastig

- Hugsanleg vandamál vegna snertingar við önnur efni (þar á meðal kopar, blý, sink, tin, látún og brons) sem notað er í tól við meðhöndlun, dreifingu og geymslu eldsneytis
- Hugsanlega minni virkni vatnsskilju
- Hugsanlegar skemmdir á málningu ef lífrænt díseldsneyti kemst í hana
- Hugsanleg tæring á eldsneytisinnspautunarbúnaði
- Hugsanlega minni teygning á þéttingum og pakkningum (aðallega vandamál í eldri vélum)

- Hugsanlega hátt sýrustig í eldsneytiskerfi
- Þar sem sterkari blöndur af díseldsneyti en B20 innihalda meiri ösku, getur notkun á sterkari blöndum en B20 leitt til þess að askan safnist upp hraðar og að þá þurfi að hreina útblásturssíuna (ef fyrir hendi) oft

MIKILVÆGT: Hrápressaðar jurtaolíur er EKKI hægt að nota sem eldsneyti í neinni blöndu á John Deere vélum. Notkun hennar getur leitt til vélarbilana.

DX,FUEL7 -85-13JAN18-2/2

Eldsneytisgeymir fylltur



Fyllið eldsneytisgeyminn með öruggum hætti

⚠ AÐGÁT: Sýnið aðgát við meðhöndlun eldsneytis: Það er mjög eldfimt. EKKI reykja þegar eldsneyti er sett á dráttarvélina eða nálægt opnum eldi eða neistum.

Drepið alltaf á vélinni áður en eldsneyti er sett á dráttarvélina. Fyllið á eldsneytisgeymi undir beru lofti.


Dragið úr eldhættu með því að hreinsa rusl, feiti og óhreinindi af vélinni. Hreinsið ávallt upp eldsneyti sem hellst hefur niður.

Fyllið á eldsneytisgeyminn daglega eftir að vinnudegi er lokið. Þetta kemur í veg fyrir vatnspéttingu í geyminum þegar rakt loft þéttist.

Tæknilegar upplýsingar

Opið stýrishús,
eldsneytisgeymir, aðeins
fyrir 5050E—Rúmtak..... U.þ.b. 68 ± 3,5 l (18 ± 0,92 bandarísk gallon)
Opið stýrishús,
eldsneytisgeymir, aðeins
fyrir 5058E, 5067E,
5075E—Rúmtak..... U.þ.b. 82 ± 4 l (21,66 ± 1 bandarísk gallon)
Stýrishús, eldsneytis-
geymir—Rúmtak..... U.þ.b. 82 ± 4 l (21,66 ± 1 bandarísk gallon)


MIKILVÆGT: Á eldsneytisgeyminum er loftþétt áfyllingarlok. Notið ávallt loftþétt áfyllingarlok þegar skipta þarf um áfyllingarlok.



TS202 —UN—23AUG88

Opið stýrishús

PY18908 —UN—31MAR14



Stýrishús

PY16195 —UN—27JUN12

A—Áfyllingarlok

ATHUGIÐ: Með því að bæti John Deere Fuel Flow Improver eða sambærilegu efni í eldsneytisgeymi eða geymslutank má draga úr hlaupmyndun eldsneytis og ná stjórn á skiljun á vaxi þegar kalt er í veðri.

RM87422.000062F -85-03FEB17-1/1

ÖNNUR SMUREFNI OG SMUREFNI ÚR GERVIEFNUM

Aðstæður á ákveðnum landfræðilegum svæðum kunna að krefjast ráðlegginga varðandi smurefni sem eru aðrar en þær sem koma fram í þessari handbók.

Sumar tegundir John Deere kælimiðla og smurefna gætu hugsanlega ekki verið fánlegar á þínum stað.

Hafðu samband við söluaðila John Deere til að fá upplýsingar og ráðleggingar.

Hægt er að nota smurefni úr gerviefnum ef þau uppfylla kröfur um afköst eins og sýnt er í þessari handbók.

Hitatakmörk og þjónustutímabil sem sýnd eru í þessari handbók eiga við vökva með vörumerki John Deere eða vökva sem hafa verið prófaðir og/eða samþykktir fyrir notkun í búnaði frá John Deere.

Endurunnar grunnstofnvörur er hægt að nota ef hið unna smurefni uppfyllir kröfur um afköst.

DX,ALTER -85-13JAN18-1/1

Geymsla smurefnis

Vélbúnaðurinn starfar aðeins best þegar notuð eru hrein smurefni.

Notið aðeins hrein ílát fyrir smurefni.

Geymið smurefni og ílát þar sem þau eru vel varin gegn ryki, raka og öðrum óhreinindum. Látið ílát liggja á hliðinni til að hindra að vatn og óhreinindi safnist saman í þeim.

Athugið að öll ílát séu vel merkt svo þekkja meg innihald þeirra auðveldlega.

Fargið gömlum ílátum og afgangsefnum, sem þau innihalda, á réttan máta.

DX,LUBST -85-11APR11-1/1

Smurolía fyrir tilkeyrslu dísilvéla — Vottuð fyrir engan útblástur og vottuð Tier 1, Tier 2, Tier 3, Stage I, Stage II og Stage III

Fyllt er á nýjar vélar í verksmiðjunni annaðhvort með John Deere Break-In™ eða John Deere Break-In Plus™ smurolíu. Setjið John Deere Break-In™ eða Break-In Plus™ smurolíu eftir þörfum á vélina meðan hún er keyrð til svo olíumagnið haldist rétt.

Látið vélina ganga undir mismunandi kringumstæðum, einkum miklu álagi með lágmarks lausagangi, til að tryggja að vélarhlutir sitji rétt.

Ef John Deere Break-In™ smurolía er notuð til að tilkeyra nýja eða uppgerða vél skal skipta um olíu og síu eftir hámark 100 stundir.

Ef John Deere Break-In Plus™ smurolía er notuð skal skipta um olíu og síu að lágmarki á 100 stunda fresti og að hámarki með því millibili sem gefið er upp fyrir John Deere Plus-50™ II eða Plus-50™ olíu.

Setjið annaðhvort John Deere Break-In™ eða Break-In Plus™ smurolíu á vélina eftir að farið hefur verið yfir hana.

Ef John Deere Break-In™ eða Break-In Plus™ smurolía er ekki til staðar, notið þá dísilvélarolíu með SAE 10W-30 seigjustigi sem uppfyllir eitt af eftirfarandi atriðum og skiptið um olíu og síu í það minnsta á 100 stunda fresti:

- API-þjónustuflokkur CE
- API-þjónustuflokkur CD
- API-þjónustuflokkur CC
- ACEA-olíuröð E2

*Break-In er vörumerki Deere & Company.
Break-In Plus er vörumerki Deere & Company
Plus-50 er vörumerki Deere & Company.*

- ACEA-olíuröð E1

MIKILVÆGT: Fyrir tilkeyrslu nýrrar eða breyttrar vélar má alls ekki nota Plus-50™ II, Plus-50™ eða smurolíu sem tilheyrir eftirfarandi flokkum:

API CK-4	ACEA E9
API CJ-4	ACEA E7
API CI-4 PLUS	ACEA E6
API CI-4	ACEA E5
API CH-4	ACEA E4
API CG-4	ACEA E3
API CF-4	
API CF-2	
API CF	

Með þessum olíum er ekki hægt að tilkeyra vélina almennilega.

Hægt er að nota John Deere Break-In Plus™ smurolíu fyrir allar John Deere dísilvélar við öll þrep útblástursvottunar.

Notið John Deere Plus-50™ II, John Deere Plus-50™ eða aðra dísilvélarolíu sem mælt er með í þessari bók eftir að tilkeyrslu er lokið.

DX,ENOil4 -85-02NOV16-1/1

Dísilvélarolía — Tier 2 og Stage II

Ef ekki er farið eftir viðeigandi olíustöðlum og tímabilum milli skiptinga þá getur það leitt til alvarlegra skemmda á vél sem ekki er víst að falli undir ábyrgð. Það er ekki skilyrði að nota John Deere olíur, varahluti eða þjónustu til að ábyrgðir gildi, þar með talin mengunarábyrgð.

Veljið seigju olíu eftir því útihitastigi sem búist er við þar til næst skal skipta um olíu.

Mælt er með John Deere Plus-50™ II olíu.

Einnig er mælt með John Deere Plus-50™.

John Deere Torq-Gard™ er einnig leyfileg.


Hægt er að nota aðrar olíur ef þær uppfylla einn eða fleiri af eftirfarandi stöðlum:

- API-þjónustuflokkur CK-4
- API-þjónustuflokkur CJ-4
- API-þjónustuflokkur CI-4 PLUS
- API-þjónustuflokkur CI-4
- API-þjónustuflokkur CH-4
- ACEA-olíuröð E9
- ACEA-olíuröð E7
- ACEA-olíuröð E6
- ACEA-olíuröð E5
- ACEA-olíuröð E4

Mælt er með notkun fjölþykktarolíu.

Gæði dísileldsneytisins og magn brennisteins í eldsneytinu verða að samræmast öllum staðarreglugerðum um útblástur þar sem vélin er notuð.

Plus-50 er vörumerki Deere & Company
Torq-Gard er vörumerki Deere & Company



Seigjustig olíu fyrir útihitastig

EKKI NOTA dísileldsneyti með meira en 10.000 mg/kg (10.000 ppm) brennisteinsinnihald.

TS1743 —UN—25APR19

DX, ENOIL7 -85-23APR19-1/1

Olíusíái

Síun olíunnar er mikilvæg fyrir góða smurningu og góða vinnslu.

Skiptið reglulega um síu eins og sagt er til um í þessari handbók.

Notið aðeins síur sem uppfylla John Deere skilyrði.

DX, FILT -85-18MAR96-1/1

Kælimiðill fyrir dísilvélar (vélar með strokkslífar með blautum fóðringum)

Ef ekki er farið eftir viðeigandi kælimiðlastöðlum og tímabilum milli skiptinga þá getur það leitt til alvarlegra skemmda á vél sem ekki er víst að falli undir ábyrgð. Það er ekki skilyrði að nota John Deere kælimiðla, varahluti eða þjónustu til að ábyrgðir gildi, þar með talin mengunarábyrgð.

Kælimiðlar sem mælt er með

Mælt er með eftirfarandi forblönduðum kælimiðlum:

- John Deere COOL-GARD™ II
- John Deere COOL-GARD II PG

COOL-GARD II forblandaður kælimiðill fæst í mismunandi blöndum með mismikilli frostvörn eins og sést í eftirfarandi töflu.

COOL-GARD II forblandaður	Frostvörn
COOL-GARD II 20/80	-9 ° C (16 ° F)
COOL-GARD II 30/70	-16 ° C (3 ° F)
COOL-GARD II 50/50	-37 ° C (-34 ° F)
COOL-GARD II 55/45	-45 ° C (-49 ° F)
COOL-GARD II PG 60/40	-49 ° C (-56 ° F)
COOL-GARD II 60/40	-52 ° C (-62 ° F)

Ekki allar COOL-GARD II forblandaðar vörur fást í öllum löndum.

Notið COOL-GARD II PG þegar nauðsynlegt er að nota kælimiðil án eiturefna.

Aðrir kælimiðlar sem mælt er með

Einnig er mælt með eftirfarandi vélakælimiðli:

- John Deere COOL-GARD II blöndu í 40—60% hlutfalli út í hreint vatn.

MIKILVÆGT: Ekki nota veikari en 40% né sterkari en 60% blöndu af kælimiðli þegar honum er blandað við vatn. Veikari blanda en 40% veitir ekki næga vörn gegn tæringu. Sterkari blanda en 60% getur leitt til hlaupmyndundar kælimiðilsins og vandamála með kælikerfið.

Aðrir kælimiðlar

Nota má aðra etýlenglykóli eða própýlenglykóli kælimiðla ef þeir uppfylla eftirfarandi atriði:

COOL-GARD er vörumerki Deere & Company

¹Með kælimiðlagreiningu getur tíminn á milli skipta á öðrum "kælimiðlum" lengst. Hann skyldi þó ekki fara yfir tímann fyrir Cool-Gard II kælimiðlinn. Kælimiðlagreining þýðir að tekin eru kælimiðilssýni eftir hverjar 1000 keyrslustundir umfram þjónustutímann þangað til annað hvort að sýnin benda til þess að kælimiðillinn hafi náð hámarksnýtingu eða liðinn sé hámarkstími milli skoðana fyrir Cool-Gard II.

- Forblandaður kælimiðill sem uppfyllir ASTM D6210 kröfur
- Er samsett með 2-etýlhexansýru (2-EHA) ókeypis aukefnispakka
- Kælimiðill sem uppfyllir ASTM D6210 kröfur í 40—60% blöndu af hreinu vatni

Ef kælimiðill er ófáanlegur sem uppfyllir þessi skilyrði, notið þá kælimiðilsblöndu eða forblandaðan kælimiðil sem uppfyllir eftirfarandi efnasamsetningu og eiginleika:

- Veitir vörn gegn loftbólumyndun í strokkhólkum skv. annað hvort John Deere holumyndunarprófi eða flotaprófi við eða yfir 60% álagsgetu
- Er blandaður við efni laus við nítrít
- Er samsett með 2-etýlhexansýru (2-EHA) ókeypis aukefnispakka
- Verndar málma kælikerfisins (steypujárn, álblöndur, koparblöndur eins og látún) gegn tæringu

Vatnsgæði

Gæði vatnsins skipta miklu máli fyrir afköst kælikerfisins. Mælt er með að notað sé eimað, afjónað eða steinefnalaust vatn til að blanda við kæliefni úr etýlenglykóli eða própýlenglykóli.

Tími milli aftöppunar kælivökva

Tæmið og skolið kælikerfið og fyllið á með nýjum kælimiðli á hinum uppgefna tímafresti, sem fer eftir því hvaða kælimiðill er notaður.

Þegar COOL-GARD II eða COOL-GARD II PG er notaður styttest tíminn á milli kælimiðilsskipta niður í 6 ár eða 6000 keyrslustundir.

Ef annar kælimiðill en COOL-GARD II eða COOL-GARD II PG er notaður þarf að stytta tímann á milli skipti niður í 2 ár eða 2000 keyrslustundir.¹

MIKILVÆGT: Notið ekki kælikerfispéttefni eða ísvara sem inniheldur péttefni.

Blandið ekki saman kælivökvum með etýlenglykóli og própýlenglykóli.

Ekki nota kælimiðla sem innihalda nítrít.

Starfsemi í heitu loftslagi

John Deere vélar eru hannaðar til að vinna með vélarkælimiðlum sem mælt er með.

Notið ávallt vélarkælimiðil sem mælt er með jafnvel þótt unnið sé í löndum þar sem ekki er þörf á frostvörn.

MIKILVÆGT: Notið vatn til kælingar aðeins í neyðartilvikum.

Ef vatn er notað til kælingar myndast froða, ryð á heitum álflötum og járn, kalk og loftbólur. Jafnvel ef kæliaukaefni er notað með.

Þess vegna skal tæma kælikerfi svo fljótt sem mögulegt er og fylla á kerfið með vélarkælivökva sem mælt er með.

DX,COOL6 -85-15MAY13-1/1

Gæði vatns sem er blandað við kælimiðil

Vélarkælimiðill er samsettur úr þremur efnaþáttum: Etýlenglýkóli (EG) eða própýlenglýkóli (PG), frostlegi og hreinu vatni.

Gæði vatnsins skiptir miklu máli fyrir rétta vinnslu kælikerfisins. Mælt er með að notað sé eimað, afjónað eða steinefnalaust vatn til að blanda við kæliefni úr etýlenglýkóli eða própýlenglýkóli.

Allt vatn sem notað er í kælikerfi ætti að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði um vatnsgæði:

Klóríð	<40 mg/L
Súlföt	<100 mg/L
Samtals föst efni	<340 mg/L
Samtals uppleyst í efni	<170 mg/L
pH	5,5—9,0

MIKILVÆGT: Ekki nota drykkjarvatn úr flöskum því það inniheldur oft mikið magn af uppleystum efnum.

Frostvörn

Viðkomandi styrkur af glýkóli og vatni í kælimiðlinum ræður frostvarnartakmarkinu.

Etýlenglýkól	Frostvörn
40%	-24 ° C (-12 ° F)
50%	-37 ° C (-34 ° F)
60%	-52 ° C (-62 ° F)
Própýlenglýkól	Frostvörn
40%	-21 ° C (-6 ° F)
50%	-33 ° C (-27 ° F)
60%	-49 ° C (-56 ° F)

EKKI nota kælimiðilsvatnsblöndu með meira en 60% af etýlenglýkóli eða 60% própýlenglýkóli.

DX,COOL19 -85-13JAN18-1/1

Frostmörk kælimiðils prófuð

Það er fljótlegast, þægilegast og nákvæmasta aðferðin við að finna frostmörk kælimiðils að nota handstýrðan ljósbrotsmæli. Þessi aðferð er nákvæmari en þrífustrimill eða flötmælir sem getur gefið lélegar niðurstöður.


Ljósbrotsmælir fyrir kælimiðil er fáanlegur hjá John Deere söluaðila í gegnum SERVICEGARD™ verkfæraþjónustuna. Varahlutur 75240 býður upp á ódýra aðferð til að ná nákvæmri mælingu á frostmarki við vinnu.

Hvernig nota skal þetta tól:

1. Leyfið kælikerfinu að ná umhverfishitastigi.
2. Opnið vatnskassann til að komast að kælimiðlinum.
3. Notið dropateljarann sem fylgir með og náði í smá sýnishorn af kælimiðli.
4. Opnið lokið á ljósbrotsmælinum, setjið einn dropa af kælimiðli á glerið og lokið lokinu.
5. Horfið í gegnum sjónstykkið og fókusið eftir þörfum.
6. Skráið frostmörkin sem birtast fyrir þá tegund af kælimiðli (úr etýlenglýkóli eða própýlenglýkóli) sem er verið að prófa.



SERVICEGARD™ varahlutanúmer 75240



Mynd af dropa af 50/50 kælimiðli á gleri ljósbrotsmælis

SERVICEGARD er vörumerki Deere & Company

DX,COOL,TEST -85-13JUN13-1/1

TS1733—UN—04SEP13

TS1733—UN—04SEP13

Gírolía og glussi

Veljið seigju olíu eftir því útihitastigi sem búist er við þar til næst skal skipta um olíu.


Mælt er með eftirfarandi olíum:

- John Deere Hy-Gard™
- John Deere Low Viscosity Hy-Gard™

Ef notaðar eru aðrar gerðir af olíu verða þær að uppfylla eitt af eftirfarandi atriðum:

- John Deere flokkur JDM J20C
- John Deere flokkur JDM J20D

Notið John Deere Bio Hy-Gard™ II olíu þegar nota þarf lífbrjótanlega olíu.¹



Olía fyrir útihitastig

RG30204—UN—08MAR18

Hy-Gard er vörumerki Deere & Company
Bio Hy-Gard er vörumerki Deere & Company

¹ Bio Hy-Gard II nær a.m.k. 80% niðurbroti eftir 21 daga skv. rannsóknaraðferð CEC-L-33-T-82. Ekki má blanda jarðollu saman við Bio Hy-Gard II þar sem það dregur úr niðurbrotinu og kemur í veg fyrir rétta endurvinnslu olíunnar.

DX_ANTI -85-01JAN18-1/1

Réttar gír-/vökvasiur notaðar

Skiptið um gír/vökvaolúsíur með þjónustusum frá John Deere til að vernda kerfið.

Sjá ráðlagðan tíma milli síuskipta í töflu yfir tíma milli skoðana í hlutanum Viðhalds- og þjónustutími.

SD74272,000033D -85-17MAR20-1/1

MFWD-öxull og olía á hjólnöf

Veljið seigju olíu eftir því útihitastigi sem búist er við þar til næst skal skipta um olíu. Nánari upplýsingar eru í hitastigstöflu.

Mælt er með eftirfarandi olíum:

- API-þjónustuflokkur GL-5
- John Deere flokkur JDM J20C
- John Deere flokkur JDM J20D

OUMX005,000290C -85-26JAN08-1/1

Fjölnotafeiti mjög mikill þrýstingur (EP)

MIKILVÆGT: Fyrir sjálfvirk smurningskerfi þá þarf að hafa í huga mismunandi lofthitastig umhverfisins.

Veljið feiti eftir NLGI þéttleikastigi og því úthitastigi sem búist er við á þjónustutímabilinu.

Mælt er með John Deere SD Polyurea Grease.

Einnig er mælt með eftirfarandi smurfeiti:


- John Deere HD Lithium Complex Grease
- John Deere Grease-Gard™ Premium Plus

Hægt er að nota aðra smurfeiti ef hún uppfyllir eftirfarandir:

- NLGI afkastaflokkun GC-LB
- ISO-L-X-BDHB 2 eða DIN KP 2 N-10 Lithium efnasamband, grunnolía ekki úr gerviefnum (100 til 220 mm²/s @40°C)

MIKILVÆGT: Nokkrar gerðir af þykkingarefnum, grunnolíum og viðbótarefnum sem notuð eru í smurfeitiefni eru ekki samhæfð við önnur efni. Forðast ætti að blanda smurefnum. Hafðu samband við dreifingaraðila smurfeitis þinnar áður en þú blandar saman mismunandi tegundum af smurfeiti.

Grease-Gard er vörumerki Deere & Company



RG30199—UN—08MAR18

DX,GREA1 -85-13JAN18-1/1

Blöndun smurolía

Almennt, forðist að blanda mismunandi vörumerkjum eða tegundum af olíu. Olíuframleiðendur blanda aukefnum í olíur sínar til að uppfylla ákveðnar forskriftir og kröfur um afköst.

Blöndun mismunandi olía getur truflað rétta virkni þessara aukefna og dregið úr árangri smurefnis.

DX,LUBMIX -85-18MAR96-1/1

ÖNNUR SMUREFNI OG SMUREFNI ÚR GERVIEFNUM

Aðstæður á ákveðnum landfræðilegum svæðum kunna að krefjast ráðlegginga varðandi smurefni sem eru aðrar en þær sem koma fram í þessari handbók.

Sumar tegundir John Deere kælimiðla og smurefna gætu hugsanlega ekki verið fánlegar á þínum stað.

Hafðu samband við söluaðila John Deere til að fá upplýsingar og ráðleggingar.

Hægt er að nota smurefni úr gerviefnum ef þau uppfylla kröfur um afköst eins og sýnt er í þessari handbók.

Hitatakmörk og þjónustutímabil sem sýnd eru í þessari handbók eiga við vökva með vörumerki John Deere eða vökva sem hafa verið prófaðir og/eða samþykktir fyrir notkun í búnaði frá John Deere.

Endurunnar grunnstofnvörur er hægt að nota ef hið unna smurefni uppfyllir kröfur um afköst.

DX,ALTER -85-13JAN18-1/1

Geymsla smurefnis

Vélbúnaðurinn starfar aðeins best þegar notuð eru hrein smurefni.

Notið aðeins hrein ílát fyrir smurefni.

Geymið smurefni og ílát þar sem þau eru vel varin gegn ryki, raka og öðrum óhreinindum. Látið ílát liggja á hliðinni til að hindra að vatn og óhreinindi safnist saman í þeim.

Athugið að öll ílát séu vel merkt svo þekkja meg innihald þeirra auðveldlega.

Fargið gömlum ílátum og afgangsefnum, sem þau innihalda, á réttan máta.


DX,LUBST -85-11APR11-1/1

Oilscan™ and CoolScan™


Oilscan™ og CoolScan™ eru John Deere sýnatökukerfi til að að hjálpa þér að fylgjast með vinnslu vélarinnar og til að greina hugsanleg vandamál áður en þau valda miklum skaða.

Olíu- og kælivökvasýni ætti að taka úr hvoru kerfi áður en kominn er tími á skipti.

Hafðu samband við John Deere söluaðila til að fá upplýsingar um hvaða Oilscan™ and CoolScan™ búnaður fái.



T6828AB—UN—15JUN89



T6829AB—UN—26AUG11

Oilscan er vörumerki Deere & Company
CoolScan er vörumerki Deere & Company

DX,OILSCAN -85-13SEP11-1/1

Viðhald og viðhaldstími

Viðbótarupplýsingar

Þetta er ekki ítarleg þjónustuhandbók. Hún inniheldur eingöngu upplýsingar um notkun og reglubundið viðhald.

Ítarlegri þjónustuupplýsingar má finna í varahlutavörulista og/eða tæknihandbókinni frá John Deere umboðinu.

SD74272,000023D -85-29AUG22-1/1

Örugg skoðun dráttarvélar



John Deere 5E - dráttarvél með lokuðu stýrishúsi

Aftengið rafmagn af verkfærum og stöðvið vélina áður en viðgerðir eða stillingar eru framkvæmdar.

Látið vélina ekki vera á yfirsúningi.

Sjáið til þess að ökutækið og tengibúnaður þess sé í góðu ástandi.

Hafið öryggisbúnað á réttum stöðum og tryggjið að hann sé í lagi.

Herðið vel á róm, boltum og skrúfum svo öruggt sé að búnaðurinn virki örugglega.

Stöðvið vélina og látið hana kólna áður en viðhaldsvinna fer fram á einhverjum hluta vélarinnar. Heitir vélarhlutar geta valdið brunasárum.

Gangsetjið aldrei vélina nema gírstöngin eða PowrReverser™-stöngin (ef til staðar) sé í HLUTLAUSRI stöðu.

Gætið þess að fatnaður, skartgripir eða sítt hár festist ekki í víftublöðunum, drifreim eða öðrum vélarhlutum sem hreyfast.

PY31523 —UN—20OCT16



John Deere 5E - opið stýrishús fyrir 5058E, 5067E og 5075E eingöngu

PY31524 —UN—20OCT16



John Deere 5E - opið stýrishús fyrir 5050E eingöngu

PY31584 —UN—18OCT16

Óviðurkenndar breytingar geta haft áhrif á afköst og/eða öryggi vélarinnar og líftíma hennar.

RM87422,000059D -85-20OCT16-1/1

Tafla yfir tíma milli skoðana—daglega eða á 10 vinnustunda fresti / á 50 vinnustunda fresti / á 100 vinnustunda fresti / á 250 vinnustunda fresti / á 375 vinnustunda fresti

Atriði	Daglega eða á 10 vinnustunda fresti	Á 50 vinnustunda fresti	Eftir fyrstu 100 vinnustund-irnar	Á 250 vinnustunda fresti	375 stundir
Athugið olíumagn vélar	•				
Athugið stöðu kælimiðils	•				
Tappið vatni og seti af eldsneytisgeymi og eldsneytissíu ^a	•				
Smyrjið snúningspinna framöxuls ^b	•				
Smyrjið afturöxullegur ^b	•				
Farið yfir og hreinsið rafgeymi		•			
Skoðið alla hjólbarða		•			
Smyrjið snúningspinna framöxuls		•			
Skoðið stöðu girolíu og glussa		•			
Skoðið olíustöðu á hjólnöf MFWD-öxuls		•			
Leitið eftir lausum boltum og róm á dráttarvélinni		•			
Skiptið um olíusíur í girkassa og vökvakerfi			•		
Skiptið um tilkeyrsluolíu og -síu			• ^c		
Skoðið hosuklemmur í loftinntaks- og kælivökvakerfi			•		
Hreinsið loftsíu ^d				•	
Skoðið olíustöðu á MFWD-öxli og hjólnöf				•	
Athugið riðstraumsrafalsreim/viftureim				•	
Smyrjið 3-punkta beisli				•	
Stillið fríhlaup í kúplingsfótstigi ^e				•	
Athugið hlutlaust gangsetningarkerfi				•	
Athugið hemla				• ^f	

^aEldsneytissíuna verður að tæma þegar botnfallsskálín inniheldur vatn eða óhreinindi. Tæmið botnfall úr eldsneytisgeyminum ef þetta endurtekur sig meira en þrjá daga í röð. Látið vélina ganga í 20 sekúndur að lágmarki, athugið svo aftur og tæmið úr eldsneytisgeyminum ef meira vatn hefur safnast fyrir.

^bAðeins nauðsynlegt þegar unnið er við sérstaklega blautar og forugar aðstæður

^cOlía með hefðbundinni JD-olíu

^dFramkvæmið þjónustu oftast ef unnið er við skilyrði þar sem mjög mikið er um ryk.

^eFyrir vélræna þurra kúplingu

^fLofttæmið hemla ef þörf krefur.

RP32883,0000F79 -85-19MAR21-1/1

**Tafla yfir tíma milli skoðana—á 500
vinnustunda fresti / á 600 vinnustunda fresti
/ á 1200 vinnustunda fresti / einu sinni á ári /
á 2000 vinnustunda eða tveggja ára fresti**

Atriði	Á 500 vinnustunda fresti	Á 600 vinnustunda fresti	Á 1200 vinnustunda fresti	Árlega	Á 2000 vinnustunda / tveggja ára fresti
Hreinsið loftsiur í stjórnandarymi/stýrishúsi ^a	•				
Skiptið um smurolíu og síu	• ^b				
Skipt um eldsneytissíu	•				
Hreinsið loftunarslöngu í sveifarhúsi vélar (OCV)		•			
Skoðið og herðið allar slöngur og slönguklemmur		•			
Skipt um olíu á hjólnöf og öxli MFWD-öxuls		•			
Athugið hvort kælikerfið leki		•			
Skoðið varahemil (ef til staðar)		•			
Smyrjið afturöxullegur		•			
Athugið snúningshraða vélar í lausagangi		•			
Skoðið snúningsspinna á framöxli		•			
Skiptið um gír-/vökvaolíu			•		
Skiptið um gír-/vökvaolíusíu	•		•		
Hreinsið gírolíu-/glussainntakssíu			•		
Hreinsið bakflæðissigti í PowrReverse™-vökvaloka			•		
Skiptið um einingar í loftsíu				•	
Skoðið öryggisbelti				•	
Skiptið um loftsiur í stjórnandarymi/stýrishúsi				•	
Hleypið af kælikerfinu, hreinsið og fyllið á það aftur ^c					•

^aFramkvæmið þjónustu oftast ef unnið er við skilyrði þar sem mjög mikið er um ryk.

^bOlía og olíusía með hefðbundinni eða Premium JD-olíu

^cHafið samband við söluðila John Deere vegna þjónustu.

vynptis,1720776545780 -85-12JUL24-1/1

Þjónusta—Eftir þörfum

- Stillið núning í handinngjöf
- Skoðið einingar í loftsíu vélar¹
- Skoðið loftinntökukerfi vélar¹
- Athugið loftsiur í stjórnandarymi/stýrishúsi
- Framkvæmið þjónustu á loftræstikerfi
- Hreinsið framgrill, hliðarhlífar, vatnskassa, þétti (stýrishús) og olíu-, eldsneytis- eða loftekli (ef til staðar)
- Farið yfir og hreinsið rafgeymi
- Tappið vatni og seti af eldsneytisgeymi og eldsneytissíu
- Smyrjið sætisbrautir ökumanns
- Skiptið um perur; flóðljós, aðalljós, afturljós, stefnuljós og viðvörðunarljós
- Stillið aðalljósinn

¹Framkvæmið þjónustu oftast ef unnið er við skilyrði þar sem mjög mikið er um ryk.


SV86979,00000D7 -85-26DEC12-1/1

Fylgst með tíma milli skoðana


Framkvæmið ávallt skoðun með því millibili sem fram kemur á næstu síðum, notið vinnustundamælinn (A) til leiðbeiningar. Skráið það sem framkvæmt er; viðeigandi skráningartölur má finna í kaflanum "Smurning og viðhald".

MIKILVÆGT: Sá tími milli skoðana sem mælt er með miðast við venjulegar aðstæður. Ef unnið er með dráttarvélinni við erfiðar aðstæður þarf að skoða hana oftar.

A—Vinnustundamælir



Aðeins fyrir 5050E



Aðeins 5058E, 5067E og 5075E


RM87422,000058B -85-19SEP16-1/1

PY31506—UN—06SEP16

PY31505—UN—06SEP16

Notkun háprýstihreinsibúnaðar

MIKILVÆGT: Ef háprýstiúða er beint að rafmagns- eða rafeindabúnaði, tengjum, legum, þéttingum á vökvabúnaði, eldsneytis-innsprautunardælu eða öðrum viðkvæmum íhlutum getur það valdið bilunum. Minnkið þrýsting og sprautið frá 45 til 90 gráðu horni.




T6642EJ—UN—18OCT88

SD74272,0000244 -85-05SEP22-1/1

Þrýstiloft notað


MIKILVÆGT: Ef þrýstilofti er beint að rafeinda-
/rafmagnshlutum eða tengjum getur
stöðurafmagn myndast og bílanir komið
upp í búnaði.



RW56455—UN—30JUN97

SD74272,0000245 -85-29AUG22-1/1

Festing ámoksturstækis — Tengingar fyrir ámoksturstæki að framan



PY31557 —UN—22SEP16

A—Sexkantsskrúfbolti (1 notaður)

B—Sexkantsskrúfbolti (2 notaðir)

C—Sexkantsskrúfbolti (4 notaðir)

D—Flöt skífa (3 notaðar)

E—Flöt skífa (4 notaðar)

F—Fóðring

G—Tengiramma ámoksturstækis að framan (sýnt vinstra megin)

Járnvörur notaðar í tengiramma fyrir ámoksturstæki

Hlutur	Lýsing	Þvermál	Staðall	Skrúfgangur	Lengd	Auðkenni/flokkur
A	Sexkantsskrúfbolti	24 mm	ISO 4014	M16 x 2	70 mm	10,9
B	Sexkantsskrúfbolti	24 mm	ISO 4017	M16 x 2	50 mm	8,8
C	Sexkantsskrúfbolti	30 mm	JDM F10A	M20 x 2,5	65 mm	10,9
D og E	Skinna	—	JDS 130	—	—	300HV
F	Fóðring	17,5 mm	—	—	44 mm	—

Festingar fyrir ámoksturstæki verður að festa eins og sýnt er. Herða verður skrúfurnar með 625 N•m (461 lb-ft). Athugið hersluáttak reglulega: Sjá í kafla 110, Viðhald — Eftir þörfum/ástandi.

MIKILVÆGT: Hægt er að kaupa ámoksturstæki sem er skoðað og viðurkennt af John Deere.

Þegar tengiramma fyrir ámoksturstæki er komið fyrir skal nota viðurkennda hluti eins og sýnt er á myndinni að ofan.

Farið einnig eftir notendahandbókinni og uppsetningarleiðbeiningum um ámoksturstæki.

RM87422,00004DA -85-22SEP16-1/1

Almennt viðhald og skoðun

Vélarhlíf opnuð

1. Ýtið á losunarbúnaðinn (A) fyrir krækju á vélarhlíf með kveikjulyklinum (B) til að taka krækju af og aflæsa vélarhlífinni.
2. Opnið vélarhlífina. Tjakkarnir munu lyfta vélarhlífinni og halda henni þannig þegar hún er komin alla leið upp.

A— Losunarbúnaður fyrir krækju á vélarhlíf

B— Kveikjulykill



PY31525—UN—14SEP16

RM87422.00005A0 -85-12SEP16-1/1

Síur í loftinntökukerfi vélar skoðaðar

Viðhaldstími — á 250 vinnustunda fresti

Tvöföld loftsía er hefðbundinn búnaður. Þegar stífluviðvörðun fyrir loftsíu logar á mælaborði merkir það að aðalloftsía sé óhrein. Ef eining er óhrein tapast afl eða reykur verður mikill.


Hreinsið aðaleiningu þegar gaumljós logar á mælaborði eða á 250 vinnustunda fresti.

Skiptið um báðar einingarnar á sama tíma á hverju ári, án tillits til ástands þeirra.

1. Opnið vélarhlífina.
2. Losið krækju (B) og fjarlægjið hlíf (C) af hliðum.

A—Ró
B—Læsing

C—Hlíf



PY31526—UN—12SEP16

Framhald á næstu blaðsíðu

RM87422.00005A3 -85-12SEP16-1/3


3. Snúið aðalsústykkinu rangsælis til að fjarlægja það. Notið ekki of mikið afl. Ef ekki er auðvelt að draga síuna út skal athuga hvort hún sé ekki örugglega í ólæstri stöðu svo hægt sé að fjarlægja hana á öruggan hátt.
4. Hreinsið aðaleininguna með því að slá henni varlega í lófann. EKKI má slá einingunni við hart yfirborð. Hreinsið eininguna með þrýstiloftsblæstri (hámarksþrýstingur 1,3 bör / 20 PSI). Haldið stútnum næst innra yfirborðinu og færið hann upp og niður eftir fellingunum.

MIKILVÆGT: EKKI má beina loftblæstrinum að ytra yfirboði einingarinnar þar sem slíkt getur þvingað óhreinindi inn í síuna.


5. Hreinsið burt öll óhreinindi í hylkinu, en gætið þess að skemma ekki aukasústykkið (B).
6. Aukasústykkið (B) er eingöngu fjarlægt þegar skipt er um það. Ef það lítur út fyrir að vera óhreint eða skemmt skal ekki reyna að hreinsa það, heldur þarf að skipta um það. Svipuðum aðferðum er beitt við að fjarlægja aukasústykkið (B) eins og aðalsústykkið.

A—Aðalsústykki

B—Aukasústykki



Aðaleining



Aukaeining

PY31527 —UN—12SEP16

PY31528 —UN—12SEP16

RM87422,00005A3 -85-12SEP16-2/3

7. Setjið aukasústykkið (B) varlega í og festið síuna með því að snúa henni réttisælis 1/4 úr hring.

MIKILVÆGT: Ef aðalsían er óskemmd og gaumljós á mælaborði logar áfram skal skipta um báðar síurnar.

8. Svipuðum aðferðum er beitt við að setja aðalsústykkið (A) í eins og aukasústykkið (B).
9. Lokið hlífinni og lyftið krækjunni.

ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að örin á hlífinni bendi upp á við (ekki alveg lóðrétt upp á við) og ekki ætti að vera bil milli hlífar og hylkis.

10. Lokið vélarhlífinni.



PY31529 —UN—12SEP16

RM87422,00005A3 -85-12SEP16-3/3

Skipt um síur í loftinntaki vélar


Viðhaldstími - einu sinni á ári*

* Bil getur verið breytilegt, það fer eftir vinnuaðstæðum

1. Opnið vélarhlífina.
2. Losið krækju (B) og fjarlægjið hlíf (C) af hliðum.

A—Ró
B—Læsing

C—Hlíf



RM87422,00005A4 -85-12SEP16-1/3

PY31526—UN—12SEP16


3. Snúið aðalsíustykkinu (A) rangsælis til að fjarlægja það. Notið ekki of mikið afl. Ef ekki er auðvelt að draga síuna út skal færa hana til hliðanna til að fjarlægja hana á öruggan hátt.
4. Svipuðum aðferðum er beitt við að fjarlægja aukasíuna (B) eins og aðalsíuna (A).

ATHUGIÐ: Þegar loftsiuhólkurinn er settur í skal tryggja að úttaksstútur ryks snúi niður.


5. Setjið nýtt aukasíustykki (B) varlega í og festið síuna með því að snúa henni réttisælis 1/4 úr hring.

A—Aðalsíustykki

B—Aukásíustykki



Aðaleining



Aukæining

Framhald á næstu blaðsíðu

RM87422,00005A4 -85-12SEP16-2/3

PY31527—UN—12SEP16

PY31528—UN—12SEP16

6. Svipuðum aðferðum er beitt við að setja nýtt aðalsústykki (A) í eins og aukasústykkið (B).

ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að bæði aðalsían og aukasían séu þéttar, rétt staðsettar og rétt settar í. Einnig skal ganga úr skugga um að klemmur á ytri hlíf loftsiunnar séu rétt festar.

7. Lokið hlífinni og lyftið krækjunni.

ATHUGIÐ: Gangið úr skugga um að örinn á hlífinni bendi upp á við (ekki alveg lóðrétt upp á við) og ekki á að vera bil milli hlífar og hylkis

8. Lokið vélarhlífinni.



PY31529—UN—12SEP16

RM87422,00005A4 -85-12SEP16-3/3

Loftinntakskerfi vélar skoðað

MIKILVÆGT: Herðið ekki klemmur um of.

Gangið úr skugga um að allar klemmur í loftinntaki séu þéttar.

Skoðið allar slöngur með tilliti til dælda og annarra skemmda. Skiptið um eftir þörfum.

Leitið eftir sprungum í öllum slöngum sem gætu orsakað leka eða bilun. Skiptið um eftir þörfum.


SD74272,00002F4 -85-24JUL12-1/1

Hreinsun loftunarslöngu í sveifarhúsi vélar

Viðhaldstími - á 600 vinnustunda fresti

⚠ AÐGÁT: Minnkið styrk þrýstilofts í minna en 210 kPa (2 bör) (30 psi) þegar það er notað við hreinsun. Komið nærstöddum af svæðinu, varist fljúgandi spæni og notið persónuhlífar þ.m.t. hlífðargleraugu.

1. Finnið loftop sveifarhúss efst hægra megin á vélinni.
2. Fjarlægið loftunarslöngu (A) sveifarhúss úr opinni loftsíu sveifarhússins.
3. Hreinsið í leysiefni eða hreinsið með þrýstilofti. Leitið eftir skemmdum á slöngunni, skiptið um hana ef með þarf.
4. Setjið loftunarslönguna aftur í. Tryggið að loftunarslangan sé ekki beygluð eða klemmd.



Hægri hlið sýnd

A—Loftunarslanga sveifarhúss

PY31530—UN—12SEP16

RM87422,00005A5 -85-12SEP16-1/1

Snúningshraði vélar í lausagangi athugaður

Viðhaldstími - á 600 vinnustunda fresti

Hægur lausagangur (mynd af skjaldböku) er fenginn með því að hafa handinngjöfina alveg niðri.

Hraður lausagangur (mynd af kanínu) er fenginn með því að hafa handinngjöfina alveg uppi.

ATHUGIÐ: Staða handinngjafar á að samsvara fyllilega merkingu hægra megin á mælaborði.

Ef hraði í lausagangi er ekki réttur, hafið samband við söluaðila John Deere.

5050E, 5058E, 5067E og 5075E—Tæknilegar upplýsingar

Hægur lausa-
gangur—Hraði.....890—910 sn./mín.
Hraður lausa-
gangur—Hraði.....2190—2210 sn./mín. að hámarki

RM87422,00005BE -85-26OCT16-1/1

Hreinsun á útblásturssíu


Þörf er á reglulegu viðhaldi á útblásturssíunni. Sumt af viðhaldinu verður augljóst stjórnandanum. Þegar unnið er við mikið og stöðugt álag og við aðrar aðstæður getur vélin myndað nægan hita til að fjarlægja uppsafnað sót í útblásturssíunni á náttúrulegan hátt. Þegar útblásturssían hefur safnað upp meira magni af sóti kann að birtast beiðni á skjánum (fer eftir forskilgreindum notandastillingum) um hreinsun útblásturssíu. Við þessa beiðni þarf að koma búnaðinum fyrir eða færa hann á hentugan stað með nægilegri loftræstingu.

Hægra megin eru tákni sem gætu birst í notandaviðmótnu.

MIKILVÆGT: Á svæðinu fyrir ofan og umhverfis vélina mega ekki vera eldfimrir hlutir á meðan handvirk hreinsun á útblásturssíu fer fram þar sem hitastigið getur farið upp í 550 °C (1022 °F).


H94828 —UN—13OCT09

LV14784 —UN—16SEP11




Hreinsa þarf útblásturssíu

H94829 —UN—13OCT09



Hreinsun útblásturssíu er óvirk



Hitastig útblásturskerfis er hátt eða verið er að hreinsa útblásturssíu

SP21231,00002A3 -85-30MAY12-1/1

Viðhald og viðgerðir á sótsíu

Útblásturssían inniheldur dísiloxunarhvata og sótsíu. Sótsía er hönnuð til að halda eftir óbrennanlegri afgangsoösku sem kemur til vegna aukaefna sem notuð eru í smurningsolíum og eldsneyti sveifarhúss. Sótsían veitir margra vinnustunda viðhaldsfría vinnu. Á einhverjum tímamarki mun sótsían krefjast sérfræðipjónustu til að fjarlægja ösku sem safnast hefur upp. Nákvæmur fjöldi vinnustunda áður en þörf er á viðhaldsvinnu er breytilegur eftir því í hvaða orkuflokki vélin er, vinnuferli og rekstraraðstæðum, öskuinnehaldi smurolíu og gæðum eldsneytis. Ef stuðst er við hana mun ráðlögð olíu- og eldsneytiskröfufylsing John Deere hámarka rekstrartíma áður en þörf er á sérfræðiaðstoð vegna sótsíu.

Eigandi vélarinnar ber ábyrgð á að sinna því nauðsynlega viðhaldi sem lýst er í notendahandbókinni. Gaumljós í mælaborði fyrir útblásturssíu eða bilanakóðar gefa til kynna hvenær hreinsa þarf sótsíuna. Tíminn á milli þess

sem aska er hreinsuð burt fyrir vélar undir 175 hö/130kW er a.m.k. 3.000 vinnustundir en fyrir vélar sem eru 175 hö/130 kW eða meira er tíminn a.m.k. 4.500 vinnustundir.

Fjarlægja verður ösku úr sótsíu með því að taka sótsíuna úr vinnuvélinni og setja hana í sérstakan búnað. Ekki fjarlægja öskuna með því að nota vatn eða önnur efni. Að fjarlægja ösku með slíkum aðferðum getur skemmt efnið sem verndar sótsíuna í hylkinu hennar, sem síðan veldur því að sían losnar úr hylkinu og gæti orðið fyrir skemmdum vegna titrings.

Það getur verið brot á bandarískum alríkislögum, fylkislögum og staðbundnum lögum um hættulegan úrgang ef ekki er farið eftir viðurkenndum aðferðum til að fjarlægja öskuna, ásamt því að skemma sótsíuna og af getur hlotist hugsanleg synjun á mengunarábyrgð sótsíunnar. Það er sterklega mælt með því að þú farir með sótsíuna til viðurkennds þjónustuaðila John Deere eða annars þjónustuveitanda fyrir viðgerð á síunni.

SP21231,00002A4 -85-18JUN12-1/1

Meðhöndlun og förgun ösku úr útblásturssíu/sótsíu

⚠ AÐGÁT: Samkvæmt alríkislögum og/eða lögum eða reglugerðum í viðkomandi ríki eða sveitarfélagi getur sótsía verið skilgreind sem hættulegur úrgangur. Farga verður hættulegum úrgangi í samræmi við öll gildandi alríkislög eða lög í viðkomandi ríki eða sveitarfélagi eða reglugerðir um förgun hættulegs úrgangs.

Aðeins sérhæfður þjónustuaðili ætti að fjarlægja ösku úr sótsíu. Notaðu hlífðarfatnað og tæki í hreinu og öruggu ásigkomulagi þegar sótsíur eru handfjatlaðar og hreinsaðar. Fáðu hjálp hjá söluaðila John Deere eða viðurkenndum þjónustuveitanda.

SP21231,00002A5 -85-30MAY12-1/1

Förgun útblásturssíu


⚠ AÐGÁT: Viðeigandi stjórnun á útblásturssíu sem hefur náð lokum í endingartíma sínum er nauðsynleg, þar sem ösku eða efnahvata í búnaðinum er hægt að flokka undir hættulegan

úrgang samkvæmt alríkislögum og/eða lögum eða reglugerðum í viðkomandi ríki eða sveitarfélagi. Notuðu útblásturssíum, sem innihalda sótsíu, er hægt að fá skipt hjá hvaða söluaðila John Deere sem er eða viðurkenndum þjónustuveitanda.

SP21231,00002A6 -85-30MAY12-1/1


Herðið hosuklemmur

Viðhaldstími - á 100 vinnustunda fresti




Loftsía að forþjöppu

PY31534 —UN—13SEP16




Millikælir að soggrein

PY31535 —UN—13SEP16




Millikælir að forþjöppu

PY31531 —UN—13SEP16




vatnskassi að vatnslásshlif

PY40569 —UN—02AUG17




Vatnsdæla

PY40570 —UN—02AUG17



Forþjappa að dísiloxunarhvata/sótsíu

PY31536 —UN—13SEP16



PY31537—UN—13SEP16

Disiloxunarhvat/sótsía að hljóðkút

A—Slönguklemma

MIKILVÆGT: Herðið ekki klemmur um of því það getur sett of mikinn þrýsting á skinnurnar.

Athugið slönguklemmur á eftirfarandi kerfum. Herðið eftir þörfum.

- Loftsía að inntakskerfi eða forþjöppu
- Kælikerfi vélar
- Vökvakerfi

- Eldsneytiskerfi

Leitið eftir sprungum í öllum slöngum sem gætu orsakað leka eða bilun. Skiptið um eftir þörfum.

Tæknilegar upplýsingar

Slönguklemmur—Herslu-
átak.....5 N·m
(44 lb-in.)

SJ15074,00002F9 -85-02AUG17-2/2

Leitað eftir lausum vélbúnaði á dráttarvél

Hlutur	Mæling	Tæknilegar upplýsingar
Öryggisbolti fyrir grunnþyngd-arklossa	Hersluátak	385 N·m (284 lb.-ft.)
Stillanlegir boltar úr framöxli í hné	Hersluátak	480 N m (354 lb.-ft.)
Rær MFWD-öxuls í felgubotn	Hersluátak	245 N m (181 lb.-ft.)
Boltar út felgubotni í flans á MFWD-öxli	Hersluátak	310 N m (229 lb.-ft.)
Stillanlegir boltar úr felgubotni í flans á framöxli	Hersluátak	175 N m (130 lb.-ft.)
Boltar afturöxulslegu í felgubotn að aftan	Hersluátak	245 N m (181 lb.-ft.)
Boltar úr felgubotni afturöxuls í flans	Hersluátak	550 N m (406 lb.-ft.)
Felgubrún í felgubotn, fjölstöðu afturhjól	Hersluátak	175 N m (130 lb.-ft.)
Framöxulboltar	Hersluátak	480 N m (354 lb.-ft.)
Festiboltar veltigrindar	Hersluátak	410 N m (302 lb.-ft.)
Festiboltar stýrishúss	Hersluátak	350 N m (258 lb.-ft.)

RM87422,00005A2 -85-12SEP16-1/1

Hlutlaust gangsetningarkerfi athugað - SyncShuttle gírskipting (ef til staðar)

John Deere-dráttarvélin er útbúin millilæsingum til að koma í veg fyrir hreyfingar í ógáti þegar vélin er ræst. Ef svissinum er snúið um leið og stigið er á kúplingsfótstigið ætti vélin að fara í gang ef öll eftirfarandi atriði eru sem hér segir:

- Gírstöng (A) í HLUTLAUSUM
- Stjórnstöng aflúttaks (B) aftengd



⚠ AÐGÁT: Ef startarinn snýr vélinni við einhverjar af eftirtöldum aðstæðum skal láta söluaðila John Deere framkvæma viðgerð á hlutlausa gangsetningarkerfinu.

Ef svissinum er snúið í ræstistöðu ætti vélin EKKI að fara í gang ef einhver eftirfarandi atriði eru til staðar:

- Gírstöng (A) í gír (ekki í HLUTLAUSUM)
- Stjórnstöng aflúttaks (B) í tengdri stöðu

A—Gírstöng

B—Stjórnstöng aflúttaks



PY31595—UN—21OCT16

PY31542—UN—13SEP16

RM87422,00005A6 -85-21OCT16-1/1

Hlutlaust gangsetningarkerfi athugað - SyncShuttle-gírskipting (ef það er til staðar)



Framhald á næstu blaðsíðu

NM61126,00004F4 -85-29AUG17-1/2

PY41956—UN—29AUG17

Viðhaldstími — á 250 vinnustunda fresti

Gírskiptistjórnun

1. Tryggið að enginn sé nálægt dráttarvélinni.
2. Stígið kúplingsfótstigið og hemlafótstigin alla leið niður.
3. Setjið PowrReverser-stöngina (A) í stöðuna ÁFRAM eða AFTURÁBAK.
4. Gangsetjið vélina. Ef vélin fer í gang í annarri hvorri þessari stöðu skal gera við hlutlausa gangsetningarkerfið. Hafið samband við John Deere söluaðila **án tafar**.

Vélin á aðeins að fara í gang þegar stöngin er í HLUTLAUSRI stöðu.

Rofi fyrir raf- og vökvaknúið aflúttak

1. Stígið kúplingsfótstigið og hemlafótstigin alla leið niður.
2. **Stýrishús:** Ýtið rofa (B) niður og síðan fram til að ræsa aflúttaksrofann.


Opið stýrishús: Togið stjórnrofa aflúttaks (B) út í stöðuna TENGT.

3. Gangsetjið vélina. Ef vélin fer í gangi í þessari stöðu skal gera við hlutlausa gangsetningarkerfið. Hafið samband við John Deere söluaðila **án tafar**.


Vélin á aðeins að fara í gang þegar rofi aflúttaksins (B) er í ÓTENGDRÍ stöðu.

A—Vendigirstöng


B—Rofi fyrir raf- og vökvaknúið aflúttak



Stýrishús



Sýnt fyrir 5058E-, 5067E- og 5075E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi



Sýnt fyrir 5050E-dráttarvélar með opnu stýrishúsi

NM61126,00004F4 -85-29AUG17-2/2

PY31594 —UN—20OCT16

PY41957 —UN—29AUG17

PY41805 —UN—04AUG17

Öryggisbelti könnuð

Viðhaldstími - einu sinni á ári

⚠ AÐGÁT: Ef einhverjar skemmdir s.s. skurðir, trosnun, mikið eða óvenjulegt slit, mislitun eða sorf eru sjáanlegar á öryggisbeltisbúnaði, þ.m.t. festingum, sylgju, belti eða inndráttarbúnaði skal tafarlaust skipta um beltisbúnaðinn í heild sinni. Aðeins skal skipta beltisbúnaðinum út fyrir varahluti sem eru samþykktir fyrir dráttarvélina.

Skoðið öryggisbelti (A) og festingar. Hafið samband við John Deere söluaðila ef skipta þarf um öryggisbelti.

A—Öryggisbelti



Opið stýrishús



Stýrishús

RM87422,00005A8 -85-13SEP16-1/1

PY16006—UN—04JUN12

PY31541—UN—25NOV16


Stillið núning í handinngjöf

Stillið strekkingu á gormi með því að losa um eða herða hettuskrúfu og ró (A) þar til hreyfing inngjafarstangarinnar er mjúk alla leið og aðeins finnst fyrir lítils háttar viðnám.

Stillið hettuskrúfu núnings inngjafarstangar þar til fyrirfram skilgreint viðnám er mælanlegt við hnapp inngjafarstangarinnar.

Tæknilegar upplýsingar

Hettuskrúfa fyrir núning
inngjafarstangar—Við-
nám.....49 N
(11 lb-kraftur)



Undir mælaborði

A—Hettuskrúfa og ró

RM87422,00005AB -85-13SEP16-1/1

PY31545—UN—14SEP16

Skoðun hjólbarða

Viðhaldstími — vikulega / á 50 vinnustunda fresti*

- Leitið daglega eftir skemmdum á hjólbörðum og athugið hvort þrýstingur er bersýnilega of lítill.
- Ef vart verður við skurði eða slit skal gera við það svo fljótt sem auðið er.
- Verjið hjólbarða fyrir sólarljósi, jarðolíuvörum og efnum.
- Akið varlega. Reynið að sneiða hjá grjóti og skörpum hlutum.

MIKILVÆGT: Aðeins má aka með lágmarksþrýsting með léttan farm og enga aukabyngd á

dráttarvél. Auka þarf þrýstinginn ef notaðir eru þyngdarklossar, verkfæri eru tengd eða þungur farmur dreginn.

- Skoðið hjólbarðana með nákvæmum mæli með 10 kPa (0,1 bar) (1 psi) millibili á kvarða. Notið sérstakan loft-vatnsmæli og mælið ventillinn neðst ef hjólbarðarnir eru vökvajafnvægisstilltir.

Upplýsingar eru í TÖFLUM YFIR LOFTÞRÝSTING Í HJÓLBÖRÐUM í hlutanum "Dekk, hjólbarðar og mynstur".

SD74272,00002FE -85-24JUL12-1/1

Skipt um loftsiur í stýrishúsi

Viðhaldstími—500 vinnustundir eða árlega*

* Bil getur verið breytilegt, það fer eftir vinnuáðstæðum

Hringrásarloftsiur (inni í stýrishúsi)

⚠ AÐGÁT: Loftsiur eru hannaðar til að bæta loftgæði en ekki til að sía frá skaðleg iðefni. Fylgið leiðbeiningunum í notendahandbók verkfærisins og leiðbeiningum frá iðefnaframleiðanda þegar iðefni fyrir landbúnað eru notuð.

ATHUGIÐ: Það eru síur BÁÐUM megin á stýrishúsinu. Vinstri hlið er sýnd.


1. Spennið hlífina (A) af. (Dragið hana niður meðfram glugganum.)
2. Fjarlægjið vængjaboltann (B), splitti (C) og síu (D).
3. Skoðið vandlega hvort sían sé skemmd eða götött. Leitið eftir sprungum eða slitum á gúmmipéttum. Skiptið um eftir þörfum.

ATHUGIÐ: Ekki hreinsa síuna með vatni eða þrýstilofti. Ekki er mælt með að hreinsa síuna, skipta ætti um hana eftir þörfum.

4. Skiptið um síu þegar hún verður óhrein. Það getur þurft að skipta oftast um síu ef unnið er í miklu ryki.
5. Setjið síuna í þannig að gúmmipéttið snúi í átt að splittinu (C).
6. Setjið splittið, vængjaboltann og hlífina á sinn stað.
7. Endurtakið þetta á hinni hliðinni.

A—Ná
B—Vængjaskrúfa

C—Síusplitti
D—Sía



Framhald á næstu blaðsíðu

SD74272,0000300 -85-04SEP24-1/2

P14487 —UN—30OCT07

P14488 —UN—30OCT07

P14490 —UN—30OCT07

Ferskloftsíur (fyrir utan stýrishús)


1. Fjarlægjið tvo vængjabolta (A) og hlíf (B).
2. Fjarlægjið vængjabolta (C), splitti (D) og síu (E).
3. Skoðið vandlega hvort sían sé skemmd eða götött. Leitið eftir sprungum eða slitum á gúmmíþéttum. Skiptið um eftir þörfum.

ATHUGIÐ: Ekki hreinsa síuna með vatni eða þrýstilofiti. Ekki er mælt með að hreinsa síuna, skipta ætti um hana eftir þörfum.


4. Skiptið um síu þegar hún verður óhrein. Það getur þurft að skipta oftar um síu ef unnið er í miklu ryki.
5. Setjið síuna í þannig að gúmmíþéttið snúi í átt að stýrishúsinu.
6. Setjið splittið og vængjaboltana á sinn stað.
7. Setjið hlífina og vængjaboltana á sinn stað.
8. Endurtakið þetta á hinna hliðinni.

A—Vængjaboltar
B—Síuhlíf
C—Vængjaboltar

D—Síusplitti
E—Síu



Fyrir neðan þak, fyrir ofan dyr stýrishúss



SD74272,0000300 -85-04SEP24-2/2

P14491—UN—30OCT07

P14489—UN—30OCT07

P14492—UN—30OCT07

Viðhald á loftræstingu (stýrishús)

⚠ AÐGÁT: Kæliefni undir þrýstingi. Ef viðhaldi er ekki sinnt rétt getur kæliefni farið í gegnum augu og húð eða valdið bruna.



MIKILVÆGT: Notaðu verður kæliefni R134a. Þetta krefst sérstaks búnaðar og aðferða. Hafið samband við John Deere söluaðila.

ATHUGIÐ: Eðlilegt er að einhver olía seytili úr áspétti þjöppunnar.

Leitið eftir eftirfarandi ef loftkælingin kæli ekki eða ef kæling er slitrótt:

- Ef tengsli loftkælingar smella eftir að dráttarvélina hefur verið í geymslu gæti þjappan verið föst. Stöðvið vélina og snúið kveikjulasnum í stöðuna OFF. Fjarlægjið hettuskrúfur og hlíf yfir tengslum (B). Snúið tengslanöfnni fram og aftur til að losa þjöppuna.

A—Hlíf yfir tengslum



RM87422,00005A9 -85-13SEP16-1/2


X9811 —UN—23AUG88

PY31549 —UN—23MAR17

- Látið vél ganga á 2000 sn./mín. Ýtið á efri hluta loftkælingar- og afísingarrofans (C) og stillið blásturshnappinn (B) á HÆRRI stillingu (A). Ef loftflæðið er ekki kalt gæti verið farið að vanta kæliefni á kerfið. Hafið samband við John Deere söluaðila.
- Ef kælingin er slitrótt skal hreinsa framgrillið, loftop á hliðum, vatnskassann og þéttinn. Ef vandamálið leysist ekki skal hafa samband við söluaðila John Deere.
- Athugið hvort stíflur eru í síum í stýrishúsi. (Sjá **Loftsiur í stýrishúsi hreinsaðar** í þessum kafla). Ef vandamálið heldur áfram, hafðu samband við söluaðila John Deere.

A—Hærri stilling
B—Blásturshnappur

C—Loftkælingar- og afísingarrofi



RM87422,00005A9 -85-13SEP16-2/2

PY31544 —UN—13SEP16

Vélarrými hreinsað

Hreinsið eftir þörfum, sérstaklega umhverfis svæði sem hitna, svo sem forþjöppu, útblástursgrein og hljóðkút.

MIKILVÆGT: Notið **EKKI** gufuhreinsun eða vökva undir þrýstingi umhverfis víftudrifið. Mikill

þrýstingur getur leitt óhreinindi gegnum þéttingar drifnafarinnar.

Notið aldrei gufu eða kalt vatn á innsprautunardælu sem er að vinna eða er enn heit. Dælan gæti brætt úr sér.

SD74272,0000302 -85-24JUL12-1/1

Veltigrind rétt sett á (opið stýrishús)

⚠ AÐGÁT: Tryggið að allir hlutar séu rétt festir ef veltigrindin er losuð eða tekin af, af einhverjum ástæðum. Herðið festibolta með réttu hersluátaki.

Ef veltigrindin skemmist vegna þess að dráttarvélin veltur eða henni er breytt á einhvern máta með logsuðu, hún er beygð, borað í hana eða skorið, hefur það áhrif á vörnina sem hún veitir. Skipta ætti um skemmda veltigrind en ekki nota hana aftur. Framleiðandi verður að samþykkja allar breytingar á veltigrindinni.

Þegar uppsetning búnaðar á vinnuvél krefst þess að veltigrind (A) sé losuð eða fjarlægð skal setja hana aftur á og herða festibolta (B) með tilskildu átaki.

Tæknilegar upplýsingar

Festiboltar
veltigrindar—Hersluátak..... 420 N·m (310 lb-ft)

Skoðið festibúnað veltigrindar á 250 vinnustunda fresti, til að ganga úr skugga um að hersluátak sé rétt og grindin sitji rétt eða hvort skipta þarf um hana.

ÞVERSLÁ VELTIGRINDAR (A) LÆKKUÐ:


1. Fjarlægjið smelliláspinna (D) og pinna með höfuð (C) báðum megin á veltigrindinni.
2. Lækkið þverslá (A) veltigrindarinnar þar til hún stoppar.
3. Setjið pinnana (C og D) aftur inn í neðstu götin á veltigrindinni til að festa þverslána niður.

⚠ AÐGÁT: Þegar dráttarvélin er í notkun skal alltaf halda efri hluta veltigrindarinnar föstum í lóðétttri stöðu (eins og sýnt er á mynd). Ef dráttarvélinni er ekið með veltigrindina samanfellda (t.d. til að fara inn í lága byggingu) ber að aka af ýrústu varkárni og EKKI nota sætisbeltið.


Lyftið veltigrindinni upp aftur um leið og dráttarvélinni er stjórnað í venjulegum aðstæðum á ný.

A—Þverslá veltigrindar
B—Festiboltar (8 notaðir)


C—Höfuðpinna
D—Smelliláspinni



Veltigrind - vinnustaða



Veltigrind - festiboltar



Setjið pinnana í á ný

Framhald á næstu blaðsíðu

WKJQUWJ,0000958 -85-07FEB21-1/2

PY41958—UN—29AUG17

APY41803—UN—07FEB21


PY31591—UN—20OCT16

VELTIGRIND SETT Í VINNUSTÖÐU:


Lyftið þverslá (A) á veltigrindinni í lóðréttu stöðu. Setjið pinnana (C) og smelliláspinnana (D) aftur inn í neðstu götin á veltigrindinni til að festa stöðuna.

A—Þverslá veltigrindar
C—Höfuðpinnar

D—Smelliláspinni



Veltigrind — samanfelld staða



Setjið pinnana í á ný

WKJQUWJ,0000958 -85-07FEB21-2/2

PY31592 —UN—20OCT16

PY31591 —UN—20OCT16

Hafið veltigrindina rétt setta á - föst veltigrind (opið stýrishús)

⚠ AÐGÁT: Tryggið að allir hlutar séu rétt festir ef veltigrindin er losuð eða tekin af, af einhverjum ástæðum. Herðið festiboltana með réttu hersluátaki.

Ef veltigrindin skemmist vegna þess að dráttarvélin veltur eða henni er breytt á einhvern máta með logsuðu, hún er beygð, borað í hana eða skorið, hefur það áhrif á vörnina sem hún veitir. Skipta ætti um skemmda veltigrind en ekki nota hana aftur. Framleiðandi verður að samþykka allar breytingar á veltigrindinni.

ATHUGIÐ: Veltigrindin fyrir þessa dráttarvél er útbúin með boltum (C) og róm (B) til að halda henni fastri í uppréttri stöðu.

Þegar uppsetning búnaðar á vinnuvél krefst þess að veltigrindarsamsetning (A) sé losuð eða fjarlægð skal setja hana aftur á og herða festibolta (D) á afturöxli (E) með tilskildu átaki.

Tæknilegar upplýsingar

Boltar (C) —Hersluátak..... 200 N·m (147,5 lb·ft)
Festiboltar veltigrindar
(D) —Hersluátak..... 420 N·m (310 lb·ft)


⚠ AÐGÁT: Þegar dráttarvélin er í notkun skal alltaf halda efri hluta veltigrindarinnar föstum í lóðéttri stöðu (eins og sýnt er á mynd).

A—Samsetning veltigrindar
B—Rær
C—Boltar


D—Festiboltar (8 notaðir)
E—Afturöxull



Föst veltigrind—vinnustaða



Setjið bolta og rær í



Veltigrind - festiboltar

VP27597,0000C9B -85-17SEP18-1/1

APY10309 —UN—24AUG18

APY10308 —UN—24AUG18

APY10310 —UN—24AUG18

Varnarkerfi stýrishúss sett rétt upp

⚠ AÐGÁT: Tryggið að allir hlutar séu rétt settir upp ef varnarbúnaður stýrishúss er af einhverjum ástæðum losaður eða tekinn af. Herðið bolta með tilskildu átaki.

Vörnin sem varnarbúnaður stýrishússins veitir versnar ef hann skemmist, ef dráttarvélín veltur eða honum er breytt á einhvern máta með logsuðu, hann er beygður, borað í hann eða skorið. Skipta ætti um skemmdan varnarbúnað stýrishúss en ekki nota hann aftur. Framleiðandi verður að samþykkja allar breytingar á varnarbúnaði stýrishússins.

Þegar uppsetning búnaðar á vinnuvél krefst þess að varnarbúnaður stýrishúss sé losaður eða fjarlægður skal herða festibolta á ný með tilskildu átaki

Lyftið gúmmímottu á gólfi og togið tappana út til að komast að festibúnaði AÐ FRAMAN.


Athugið hvort rétt snúningsáttak er á festibúnaði að framan og aftan (A—C).

Tæknilegar upplýsingar


Festiboltar
varnarbúnaðar
stýrishúss—Hersluáttak..... 350 N·m
(258 lb-ft.)

A—Bolti
B—Skinna


C—Stefnudeyfir



Festing framan á stýrishúsi (vinstri hlið sýnd)



Festing framan á stýrishúsi (hægri hlið sýnd)



Festing aftan á stýrishúsi (hægri hlið sýnd)

SD74272,0000304 -85-24JUN14-1/1

PY16229 —UN—17JUL12

PY16228 —UN—04SEP12

PY16300 —UN—17JUL12

Smurning

Notið rétt smurefni

MIKILVÆGT: Notið eingöngu smurefni sem uppfylla kröfur sem tilteknar eru í hlutanum

"Eldsneyti, smurefni og kælivökvi" þegar dráttarvélin er þjónustuð.

SD74272,000025F -85-17MAR20-1/1

Smurolíuhæð athuguð

MIKILVÆGT: Vél dráttarvélarinnar kemur áfyllt úr verksmiðjunni með John Deere Break-In Plus™ smurolíu fyrir dísilvélar. (Sjá olíuforskriftir í hluta 85, "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)


ATHUGIÐ: Tryggið að olíukvarðinn fari alla leið inn þegar smurolíustaðan er athuguð.

1. Leggið dráttarvélinni á jafnsléttu og dregið á vélinni. Takið lykilinn úr.
2. Dragið smurolíukvarðann (A) út. Olíustaðan ætti að vera á milli merkinganna tveggja á kvarðanum.
3. Ef staðan er lág skal bæta við olíu í gegnum áfyllingaropið þar til olían nær upp að efri merkingunni. EKKI yfirfylla. Notið olíu með réttu seigjustigi fyrir árstíma. (Sjá "Smurolía fyrir dísilvélar" í hluta 85, "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)


MIKILVÆGT: Ekki gangsetja vélina þegar olíustaðan er fyrir neðan neðri merkinguna á kvarðanum.

A—Smurolíukvarði

B—Smurolíuáfyllingarlok



Aðeins fyrir 5050E, 5058E og 5067E



Aðeins fyrir 5050E

Break-In Plus er vörumerki Deere & Company

NM61126,000031A -85-28OCT16-1/1

PY29224—UN—28OCT16

PY32042—UN—28OCT16

Skipt um smurolíu og síu

Viðhaldstími

Fyrsta — 100 klukkustundir— Vélarolía og olíusía

Venjuleg — 500 klukkustundir— Vélarolía, olíusía og eldsneytissía

MIKILVÆGT: Ef díseldsneyti er með hátt brennisteinsinnihald skal skipta um smurolíu á 125 vinnustunda fresti, sjá "Smurolía fyrir dísilvélar" í hluta 85, "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".

ATHUGIÐ: Skipta þarf um smurolíu og síu a.m.k. einu sinni á ári.

1. Notið vélina til að hita upp olíuna.
2. Leggið dráttarvélinni á jafnsléttu og DREPIÐ á vélinni. Takið lykilinn úr.
3. Fjarlægið botntappann (A) og tæmið olíuna.
4. Opnið vélarhlífina.
5. Fjarlægið smurolíusíuna (B).

ATHUGIÐ: Tryggið að gamla síupakkningin hafi verið fjarlægð að fullu úr húsinu áður en ný sía er sett inn.

6. Berið þunnt lag af olíu á nýju síupakkninguna og setjið nýja síu í. Herðið með höndum og 1/2 snúningi til viðbótar.
7. Setjið botntappann (A) í.
8. Bætið olíu á áfyllingaropið (C). (Sjá "Smurolía fyrir dísilvélar" í hluta 85, "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)

Tæknilegar upplýsingar



Olía á sveifarhús—Rúm-

tak..... 8,5 l
(2,24 gal)


9. Setjið vélina í gang og athugið hvort lekar séu við botntappa (A) og síu (B).
10. Drepið á vélinni og fjarlægið lykilinn.
- 11.

ATHUGIÐ: Hafið samband við John Deere söluaðila ef vart verður við mikinn olíuleka.

12. Athugið aftur olíustöðuna og bætið á eftir þörfum.
13. Lokið vélarhlífinni.



Olíusía fyrir 5050E, 5058E og 5067E eingöngu



Olíusía fyrir 5050E eingöngu

A—Botntappi
B—Smurolíusía

C—Smurolíuáfyllingarlok
D—Olíukvarði

PY29226 —UN—14SEP16

PY29225 —UN—28OCT16

PY32041 —UN—28OCT16

RP32883,0000B79 -85-05MAY20-1/1

Staða gírolíu/glussa könnuð

Viðhaldstími — á 50 vinnustunda fresti

MIKILVÆGT: Reglubundnar skoðanir koma í veg fyrir óæskilega vinnustöðvun. Stjórnandinn getur auðveldað fyrirbyggjandi viðhald með því að skrá niður alla leka og bilanir. Þar sem gírskiptingin er í olíubaði er mikilvægt að tryggja að olían sé ávallt hrein og í réttu magni.

1. Látið vélina ganga á um 1000 sn./mín. í minnst eina mínútu.
2. Ýtið veltiásstönginni alveg fram til að láta tengibúnaðinn síga alveg niður.
3. Drepið á vélinni og bíðið í þrjár mínútur áður en olíustaðan er athuguð.

4. Eingöngu fyrir SyncShuttle-gírskiptingu:

Takið kvarðann (A) úr og þurrkið af honum. Setjið hann alveg í. Olían ætti að vera á milli fyllingarmerkisins og enda kvarðans.

Ef staða olíunnar er fyrir neðan áfyllingarmerkið skal taka lokið af áfyllingaropinum og fylla á olíuna.

5. Aðeins fyrir PowrReverser™-gírskiptingu:

Þurrkið af hæðarglasinu og kannið olíustöðuna. Olían ætti að vera á milli Full-merkisins (B) í efra glasinu og Add-merkisins (C) í neðra glasinu.

ATHUGIÐ: Svo lengi sem neðra glasið, Add, er fullt þarf ekki að bæta á olíuna. Full-merkið (B) í efra glasinu er merki um að ekki þurfi að bæta á meiri olíu.

Ef olíustaðan er of lág er olíu bætt á í gegnum áfyllingaropið (D).



6. Setjið lokið á áfyllingarop fyrir gírolíu/glussa.

A—Oliukvarði fyrir gírolíu/glussa


B—Full-merki/efra hæðarglas

C—Add-merki/neðra hæðarglas

D—Áfyllingarop fyrir gírolíu/glussa



Hæðarglas



Olíuáfyllingarop

PY41959—UN—29AUG17


PY17689—UN—24JAN13

PY16056—UN—20DEC12

NM61126,0000344 -85-29AUG17-1/1


Skipt um gírolíu/glussa og síu

Viðhaldstími — á 1200 vinnustunda fresti




Botntappi á gírkassa

PY33071—UN—21OCT16




Botntappi á húsi

PY33072—UN—21OCT16



Olíusía

PY33073—UN—21OCT16



Olíukvarði

PY16056—UN—20DEC12

1. Lækkið veltiásinn til að losa fasta olíu.

ATHUGIÐ: Áætlað rúmtak gírkassa fyrir SyncShuttle er 38 l (10 gal) og 43 l (11,35 gal) fyrir PowrReverser™.

2. Takið botntappa (A) úr gírkassanum og tappið olíunni af. Fargið úrgangsolíu með viðeigandi hætti.
3. Ef dráttarvélin er búin MFWD-öxli þarf til að taka botntappann (B) úr húsinu.
4. Skiptið um olíusíu um leið og skipt er um olíu. Berið þunnt lag af olíu á nýju síupakkinguna og setjið nýju síuna svo í. Herðið með síutöng.

5. Fyllið á kerfið með gírolíu/glussa. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)

Tæknilegar upplýsingar

Gírolía fyrir SyncShuttle
(MFWD)—Rúmtak..... 38 l (10 gal)

PowrReverser er vörumerki Deere & Company



Síutöng fyrir glussasíu

PY1802—UN—14NOV03

A—Botntappi í gírkassa
B—Botntappi á MFWD-húsi

C—Olíusía
D—Olíukvarði

Gírolía fyrir
PowrReverser
(MFWD)—Rúmtak.....43 l (11.35 gal)

6. Kannið olíustöðuna á kvarða (D) eða í hæðarglasi (ef það er til staðar) að áfyllingu lokinni og svo aftur eftir að vélin hefur gengið í fimm mínútur.

SJ15074,00001CF -85-09JUN17-1/1

Gírolíu/glussainntakssía hreinsuð

Viðhaldstími — á 1200 vinnustunda fresti


1. Tappið gírolíu/glussa af. (Sjá "Skipt um gírolíu/glussa og síu" í þessum hluta.)

ATHUGIÐ: Áætlað rúmtak gírkassa fyrir SyncShuttle er 38 l (10 gal) og 43 l (11,35 gal) fyrir PowrReverser™.


2. Fjarlægjið tvo bolta (A) og síuhlífina (B).
3. Takið síuna úr og leitið eftir skemmdum á henni. Skiptið um ef þörf krefur. Hreinsið síuna með leysiefni og þurrkið með þrýstilofti.
4. Setjið síuna varlega í þannig að framhlið hennar fari í gatið framan á driflæsingarhúsinu.
5. Fyllið á kerfið með gírolíu/glussa. (Sjá "Skipt um gírolíu/glussa og síu" í þessum hluta.)

A—Boltar

B—Síuhlíf



PowrReverser™



SyncShuttle

PowrReverser er vörumerki Deere & Company


RM87422,00005DC -85-05DEC16-1/2

PY16070 —UN—16AUG13

PY16232 —UN—17JUL12

6. Kannið olíustöðuna á kvarða (D) eða í hæðarglasi (ef það er til staðar) að áfyllingu lokinni og svo aftur eftir að vélin hefur gengið í fimm mínútur.

D—Olíukvarði fyrir gírolíu/glussa




RM87422,00005DC -85-05DEC16-2/2

PY16056 —UN—20DEC12

Snúningspinnar framöxuls smurðir

Viðhaldstími — vikulegar / á 50 vinnustunda fresti*

* Daglega / á 10 vinnustunda fresti ef unnið er við mjög blautar eða forugar aðstæður




PY6524

Hægri hlið MFWD-öxuls - DANA

A—MFWD-pinni að framan

B—MFWD-pinni að aftan

Smyrjið MFWD-pinna að framan (A) og að aftan (B) með nokkrum skotum af feiti. Stillanlegur snúningspinni (C) öxuls krefst einnig smurningar fódningar pinna að



PY6525

Afturhlið MFWD-öxuls - DANA

framan og aftan með fjölnotafeiti. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)

NM61126,00002CB -85-06DEC16-1/1


Íhlutir tengibúnaðar smurðir

Smyrjið hægra beislið (A) og vinstra beislið (B) með nokkrum skotum af fjölnotafeiti. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)

Viðhaldstími—á 250 vinnustunda fresti

A—Hægra beisli

B—Vinstra beisli



APY64195—UN—29DEC21


RQNGXK6,0000019 -85-04JAN22-1/1

Afturöxullegur smurðar

Smyrjið afturöxul á smurstað (A) með nokkrum sprautum af fjölnotafeiti. (Sjá Feiti í kafla 100 Eldsneyti, smurefni og kælivökvi.)

ATHUGIÐ: Sinnið viðhaldi oftár ef unnið er við mjög blautar og forugar aðstæður.

A—Smurstaður




Vinstri hlið sýnd


LV14653—UN—17AUG11

NM61126,00002CC -85-13JUL16-1/1

Smyrjið smurningsstaði framöxuls



APY10353 —UN—25OCT18




APY10354 —UN—25OCT18

Sprautið nokkrum skömmtum af fjölnota feiti (sjá Feiti í hluta 100) í pinnann.

ATHUGIÐ: Daglegt viðhald er nauðsynlegt þegar unnið er við blautar og forugar aðstæður.

Ef smurt er of oft getur það valdið þreytu í þéttum.

A—Smurningsstaðir



APY10355 —UN—25OCT18

Báðar hliðar

VP27597,0000F0C -85-26OCT18-1/1


Pinni MFWD-öxuls smurður

Sprautið nokkrum skömmtum af fjölnota feiti (sjá Feiti í hluta 100) í pinnann.


ATHUGIÐ: Daglegt viðhald er nauðsynlegt þegar unnið er við mjög blautar og forugar aðstæður.

Ef smurt er of oft getur það valdið þreytu í þéttum.

A—Smurstaðir á pinna



Pinni á framhlið MFWD-öxuls



Pinni á afturhlið MFWD-öxuls

RM87422,00004C7 -85-12MAY16-1/1

LV14409—UN—08JUN11

LV14410—UN—08JUN11

Olíustaða á hjólnöf MFWD-öxuls athuguð


Viðhaldstími — á 50 vinnustunda fresti

1. Leggið dráttarvélinni á jafnsléttu.
2. Snúið hjólnöfum þar til orðin OIL LEVEL (olíustaða) eru lóðrétt.
3. Takið tappann (A) úr. Yfirborð olíunnar ætti nánast að nema við gatið.
4. Ef fylla þarf á olíu er það gert í gegnum þetta gat. Notið John Deere Hy-Gard™ eða samsvarandi. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)
5. Berið þéttiefni með TEFLON® eða sambærilegu efni á gengju tappans.
6. Setjið tappann í og herðið með tilskildu átaki.

Tæknilegar upplýsingar

Tappi í nöf—Hersluáttak.....70 Nm
(52 lb.-ft)

Hy-Gard er vörumerki Deere & Company
TEFLON er skrásett vörumerki Du Pont Co.



A—Tappi

7. Endurtakið þetta á hinna hjólnöfnum.

SD74272,0000269 -85-04SEP12-1/1

PY16236 —UN—17JUL12

Skipt um olíu á hjólnöf MFWD-öxuls


Viðhaldstími

Reglulegur—600 klukkustundir

ATHUGIÐ: Áætlað magn olíu í hjólnöf (á hvorri hlið) er 0,8 L (0,21 gal.) fyrir DANA öxul og 0,6 L (0,15 gal.) fyrir CARRARO öxul.

1. Leggið dráttarvélinni á jafnsléttu.
2. Snúið dekkinu þar tappinn á aftöppunar/áfyllingaropin (A) er í neðstu stöðu.
3. Takið tappann úr og tappið olíunni af.
4. Þegar búið er að tappa olíunni af er dekkinu snúið þar til aftöppunar/áfyllingaropið er í miðstöðu, á láréttum ás.
5. Fyllið á olíu þar til hún rétt nemur við neðri brún opsins. Mælt er með notkun John Deere Hy-Gard™ gírolíu/glussa. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)
6. Berið þéttiefni með TEFLON® eða sambærilegu efni á gengju tappans.
7. Setjið tappann í og herðið með tilskildu átaki.

Hy-Gard er vörumerki Deere & Company
TEFLON er skrásett vörumerki Du Pont Co.



A—Tappi fyrir afrennslis/áfyllingarop

Tæknilegar upplýsingar

Tappi í nöf—Hersluáttak.....70 N m
(52 lb.-ft.)

8. Endurtakið þetta á hinna hjólnöfnum.

VP52664,0000535 -85-13DEC17-1/1

PY16237 —UN—17JUL12

Olíustaða á MFWD-öxulhúsi athuguð

Viðhaldstími — á 50 vinnustunda fresti

1. Leggið dráttarvélinni á jafnsléttu.
2. Takið tappann (A) úr. Yfirborð olíu ætti að vera u.þ.b. 12 mm (1/2 in.) fyrir neðan brún opsins.
3. Ef fylla þarf á olíu er það gert í gegnum þetta gat. Mælt er með notkun John Deere Hy-Gard™ olíu. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)

ATHUGIÐ: Áætlað rúmtak olíu í öxulhúsi MFWD er 4,5 l (1.19 gal).


4. Berið þéttiefni með TEFLON® eða sambærilegu efni á gengju tappans.
5. Setjið tappann í og herðið með tilskildu átaki.

Tæknilegar upplýsingar

Tappi í öxulhús—Herslu-

átak.....70 Nm
(52 lb.-ft)

Hy-Gard er vörumerki Deere & Company
TEFLON er skrásett vörumerki Du Pont Co.



A—Tappi

PY33075—UN—21OCT16

NM61126,0000348 -85-21OCT16-1/1

Skipt um olíu í öxulhúsi MFWD

Viðhaldstími

Reglulegur—600 klukkustundir

ATHUGIÐ: Áætlað magn olíu í hjólnöf er 4,5 L (1,19 gal) fyrir DANA öxul og 3,9 L (1,03 gal) fyrir CARRARO öxul.


1. Leggið dráttarvélinni á jafnsléttu.
2. Takið tappa (A og B) úr.
3. Þegar búið er að tappa olíunni af skal bera þéttiefni með TEFLON® eða sambærilegu efni á gengju tappans (B).
4. Setjið tappann í og herðið með tilskildu átaki.
5. Bætið á olíu þar til yfirborð hennar er u.þ.b. 12 mm (1/2 in.) fyrir neðan brún opsins (A). Mælt er með notkun John Deere Hy-Gard™ gírolíu/glussa. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)
6. Setjið tappann í og herðið með tilskildu átaki.

Tæknilegar upplýsingar

Tappar í

öxulhús—Hersluátak.....70 N m
(52 lb.-ft.)

TEFLON er skrásett vörumerki Du Pont Co.
Hy-Gard er vörumerki Deere & Company



A—Tappi í skoðunar/áfylling-
arop

B—Botntappi

MIKILVÆGT: Kannið olíustöðuna eftir 30 mínútur til að koma í veg fyrir skemmdir á innri íhlutum öxulsins.

7. Kannið stöðunar aftur eftir u.þ.b. 30 mínútur. (Sjá ferlið í þessu hluta.)

PY16238—UN—17JUL12

VP52664,0000534 -85-13DEC17-1/1


Afturöxullegur smurðar

Smyrjið í smurkoppa (A) á afturöxli, báðum megin, með nokkrum skotum af fjölnotafeiti. (Sjá hlutann "Eldsneyti, smurefni og kælivökvi".)

Viðhaldstími — á 600 vinnustunda fresti

* Vikulega / á 10 vinnustunda fresti ef unnið er við mjög blautar eða forugar aðstæður

A—Smurkoppar á afturöxli



Vinstri hlið sýnd

SD74272,000026E -85-18JAN13-1/1

PY16239 —UN—17JUL12

Sætisbrautir smurðar (opið stýrishús)

ATHUGIÐ: Þetta þarf aðeins að gera eftir háþrýstipvott.

Ýtið sætinu alveg fram og berið fjölnotafeiti á brautirnar.




SK35149,00003BA -85-10JUL14-1/1

PY16240 —UN—17JUL12

Krækja á vélarhlíf smurð

ATHUGIÐ: Þetta þarf aðeins að gera eftir háþrýstipvott.




NM61126,0000347 -85-21OCT16-1/1

PY33076 —UN—21OCT16

Viðhald—kælikerfi

Hreinsun á grilli, síum, millikæli,
eldsneytiskæli, olíukæli og vatnskassa
– opið stýrishús



TS266—UN—23AUG88



PY29255—UN—16SEP16

Sía (opið stýrishús)

A—Sía

1. Þegar rusl safnast upp á fremri síunni (A) skal stöðva vélina og hreinsa hana.

⚠ AÐGÁT: Minnkið styrk þrýstilofts í minna en 210 kPa (2 bör) (30 psi) þegar það er notað

við hreinsun. Komið nærstöddum af svæðinu, varist fljúgandi spæni og notið persónuhlífar, þ.m.t. hlífðargleraugu.

NM61126,000031C -85-28OCT16-1/3

2. Ýtið á losunarbúnaðinn (A) fyrir krækju á vélarhlíf með svisslyklinum (B) til að taka krækju af og aflæsa vélarhlífinni.
3. Opnið vélarhlífina. Tjakkarnir munu lyfta vélarhlífinni og halda henni þannig þegar hún er komin alla leið upp.

A— Losunarbúnaður fyrir krækju á vélarhlíf

B— Svisslykill



PY31525—UN—14SEP16


Framhald á næstu blaðsíðu

NM61126,000031C -85-28OCT16-2/3


4. Fjarlægð síuna (A) í átt sem sýnd er.
5. Hreinsið millikæli (B), eldsneytiskæli (C), olfukæli (D) og vatnskassa (E).
6. Ef frekari hreinsunar er þörf skal hreinsa vatnskassann aftan frá með þrýstilofti eða vatni. Réttið beyglaðar síur.
7. Hreinsið ristina (A) og komið henni fyrir.

A—Vatnskassasia
B— Millikæli
C— Eldsneytiskæli

D— Oliukæli
E— Vatnskassi



5050E, opið stýrishús




5058E, 5067E og 5075E, opið stýrishús

NM61126,000031C -85-28OCT16-3/3

PY32039 —UN—26OCT16

PY29251 —UN—14SEP16

Hreinsun á grilli, eldsneytiskæli, rakapétti, olíukæli, millikæli og vatnskassa – stýrishús



TS266 —UN—23AUG88



PY29250 —UN—14SEP16

A—Sía

- Þegar rusl safnast upp á fremri síunni (A) skal stöðva vélina og hreinsa hana.

⚠ AÐGÁT: Minnkið styrk þrýstilofts í minna en 210 kPa (2 bör) (30 psi) þegar það er notað


við hreinsun. Komið nærstöddum af svæðinu, varist fljúgandi spæni og notið persónuhlífar, þ.m.t. hlífðargleraugu.

SJ15074,00002FA -85-02AUG17-1/3

- Ýtið á losunarbúnaðinn (A) fyrir krækju á vélarhlíf með kveikjulyklinum (B) til að taka krækju af og aflæsa vélarhlífinni.
- Opnið vélarhlífina. Tjakkarnir munu lyfta vélarhlífinni og halda henni þannig þegar hún er komin alla leið upp.

A— Losunarbúnaður fyrir krækju á vélarhlíf

B— Kveikjulykill



PY31525 —UN—14SEP16


Framhald á næstu blaðsíðu

SJ15074,00002FA -85-02AUG17-2/3


4. Fjarlægið síurnar (A og B) í þá átt sem sýnd er.
5. Hreinsið eldsneytiskæli (C), rakapétti (D), olíukæli (E), millikæli (F) og vatnskassa (G) á uppsettum stað.
6. Ef frekari hreinsunar er þörf skal hreinsa vatnskassann aftan frá með þrýstilofti eða vatni. Réttið beyglaðar síur.
7. Hreinsið síurnar (A og B) og komið þeim fyrir.

A—CAC-sía
B—Vatnskassasía
C—Eldsneytiskælir
D—Rakapéttir

E—Olíukælir
F—Millikælir
G—Vatnskassi
H—Hlíf



5050E, stýrishús



5058E, 5067E og 5075E, stýrishús

SJ15074,00002FA -85-02AUG17-3/3

PY32040 —UN—26OCT16

PY40571 —UN—02AUG17

Staða kælivökva athuguð

Viðhaldstímabil – Daglega / á 10 vinnustunda fresti

⚠ AÐGÁT: Vökvi úr þrýstikælikerfinu sem sprautast út getur valdið alvarlegum bruna.

Drepið á vélinni. Aðeins skal skrífa lokið af þegar það er nógu kalt til að hægt sé að snerta það með berum höndum. Skrífið lokið hægt af að fyrstu fyrirstöðu til að hleypa af þrýstingi áður en það er alveg skrífað af.

Hellið aldrei köldu vatni á kælikerfi heitrar vélar; þetta getur valdið sprungum í strokkstykkinu eða hausnum. Notið ekki vélina með engum kælikvökva, ekki einu sinni í nokkrar mínútur.

1. Opnið vélarhlífina.


ATHUGIÐ: Vélina þarf að vera KÖLD þegar staða kælivökva er athuguð.

2. Athugið stöðu í kælivökvageymi (A) ÁÐUR en dráttarvélin er gangsett.
